



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**

Hugvísindasvið

## **Lesið í landið**

*Fyrirbærafræði, fornleifaskráning og menningarlandslag*

**Ritgerð til B.A.-prófs**

**Ásta Hermannsdóttir**

**Janúar 2011**

**Háskóli Íslands**

**Hugvísindasvið**

**Fornleifafræði**

## **Lesið í landið**

*Fyrirbærafræði, fornleifaskráning og menningarlandslag*

**Ritgerð til B.A.-prófs**

**Ásta Hermannsdóttir**

**Kt.: 091087-2869**

**Leiðbeinandi: Steinunn Kristjánsdóttir**

**Janúar 2011**



## Ágrip

Fornleifaskráning hefur fram að þessu einkennst af stöðluðum aðferðum, skráningu „stakra“ fornleifa og skorti á bæði tíma og fjármunum. Á síðustu misserum hefur orðið menningarlandslag, eða búsetulandslag, verið að ryðja sér til rúms í umræðunni og er því ekki úr vegi að velta upp þeirri spurningu hvort ekki sé rétt að skrá menningarlandslag í fornleifaskráningu fremur en aðeins „stakar“ fornleifar. Ein möguleg leið til þess að skrá menningarlandslag væri að beita fyrirbærafræði í fornleifaskráningu. Fyrirbærafræði er kennileg nálgun sem ættuð er úr heimspeki en hefur, sérstaklega á síðustu áratugum, verið innleidd í fleiri fræðigreinar, þ.á.m. fornleifafræði. Ekki hefur farið mikið fyrir nálguninni í fornleifafræði á Íslandi hingað til en henni hefur þó brugðið fyrir. Nokkrir erlendir fornleifafræðingar, s.s. Christopher Tilley, Julian Thomas og Sue Hamilton, hafa nýtt sér hana í rannsóknum sínum og er hægt að sækja ýmis atriði og aðferðir í smiðju þeirra. Til þess að mögulegt sé að nota fyrirbærafræði í fornleifaskráningu hér á landi verður þó að gæta þess að breyta aðferðafræði fornleifaskráningarinnar ekki um of, allavega fyrst um sinn. Æskilegt væri að innleiða í fornleifaskráningu þætti sem falla undir svokallaða *milda* fyrirbærafræði, þar sem fyrirbærafræðin er löguð að fornleifaskráningunni, frekar en *harða*, þar sem fornleifaskráningin er löguð að fyrirbærafræðinni. Meðal þeirra þátta sem hægt er að innleiða er t.d. að auka textalýsingar og leggja meiri áherslu á skynfærin fimm; sjón, heyrn, lykt, snertiskyn og bragð, í stað þess að leggja nær eingöngu áherslu á sjón, t.a.m. með mikilli áherslu á myndir, teikningar og kort. Með einföldum áherslubreytingum sem þessum færast fornleifaskráningin frá þeirri raunvísindalegu nálgun sem hún hefur að miklu leyti verið föst í, í átt að hugvísindagreininni sem hún er. Með þessu er hægt að nálgast skráningu menningarlandslags á einfaldan en áhrifaríkan hátt án þess að hrófla um of við grunnaðferðafræði fornleifaskráningar.

## **Efnisyfirlit**

1. Inngangur .....	2
2. Fyrirbærafræði .....	3
2.1 Upphaf og notkun í heimspeki .....	3
2.2 Notkun fyrirbærafræði í fornleifafræði .....	8
2.2.1 – Christopher (Chris) Tilley .....	8
2.2.2 – Julian Thomas .....	13
2.2.3 – Sue Hamilton et.al .....	15
2.2.4 – Ísland .....	18
2.2.5 – Samantekt .....	19
3. Fornleifaskráning og fyrirbærafræðilegir möguleikar hennar .....	20
3.1 Fornleifaskráning á Íslandi .....	20
3.2 Fyrirbærafræðilegir möguleikar .....	22
4. Umræður .....	28
5. Niðurstöður .....	30
6. Eftirmáli höfundar .....	32
7. Heimildaskrá .....	33

## 1. Inngangur

Umræða um skráningu menningarlandslags<sup>1</sup> hefur verið að aukast á síðustu misserum en fornleifaskráning hefur fram að þessu gengið út á að skrá „stakar“ fornleifar. Í drögum að nýjum menningarminjalögum er bent á að hugtökunum *menningar-* og *búsetulandslag* sé bætt inn í upptalningu á þeim atriðum sem falla undir fornleifar til þess að „... undirstrika mikilvægi þess að vernda minjaheildir og samsettar minjar en ekki einungis stakar minjar“ (Um 1. gr., bls. 19). Allt landslag á byggðu bóli er menningarlandslag, hvort sem það er manngert eður ei. Því er mikilvægt að það verði tekið til umræðu hvort skrá eigi menningarlandslag í stað „stakra“ minja. „Stakar“ minjar eru þó í raun og veru ekki til því að allar minjar tengjast öðrum fyrirbærum, s.s. öðrum minjum, þáttum í landslaginu, sögum, minningum og síðast en ekki síst leiðum í landslaginu. Það er því ljóst að skráning menningarlandslags er mjög mikilvæg, bæði fyrir fræðimenn, framkvæmdaaðila, almenning og komandi kynslóðir.

Þá vaknar spurningin: hvernig á að skrá menningarlandslag og hvaða aðferðir henta til þess? Í þessari ritgerð verður fjallað um það hvort *fyrirbærafræði* sé nálgun sem hægt væri að nota við skráningu menningarlandslags og tengja með henni skráningaraðferðir við kennilega orðræðu innan fornleifafræði. Fyrirbærafræði á rætur sínar að rekja til heimspeki og hefur á síðari árum verið notuð af einstaka fornleifafræðingum, einkum við rannsóknir á forsögulegu landslagi.

Í ritgerðinni verður fyrst skoðað hvað fyrirbærafræði er, hvaðan hún kemur og hvernig hún hefur birst í fornleifafræði. Síðan verður fjallað um fornleifaskráningu á Íslandi, með áherslu á aðferðafræði og innihald fornleifaskrána sem verða til við skráningar. Síðast en ekki síst verður gerð tilraun til að taka þessar tvær umfjallanir saman og athuga hvernig mögulegt væri að nýta fyrirbærafræði í fornleifaskráningu með skráningu menningarlandslags að markmiði. Í lokin verða helstu niðurstöður dregnar saman og rannsóknarspurningu ritgerðarinnar svarað.

Líta ber á niðurstöðu þessarar ritgerðar sem (fyrstu) tilraun til þess að skoða möguleika kennilegrar nálgunar í hefðbundinni fornleifaskráningu. Þannig er lagður grunnur að frekari rannsóknum í fornleifafræði með fyrirbærafræði að leiðarljósi og um leið opnaður lítill gluggi út í þennan áður lítt skoðaða heim.

---

<sup>1</sup> Eða öðrum þræði *búsetulandslags*.

## 2. Fyrirbærafræði

Meginviðfangsefni þessarar ritgerðar er annars vegar samband fyrirbærafræði og fornleifafræði og hins vegar möguleikar tengdir skráningu menningarlandslags í fornleifaskráningu. Áður en lengra er haldið verður því fyrst farið yfir helstu atriði í sögu fyrirbærafræðinnar innan heimspeki til þess að skilja betur notkun hennar í fornleifafræði.

Fyrirbærafræði er eins og áður sagði komin úr heimspeki og var ein af höfuðstefnum hennar á 20. öld. Hún er í dag talin hornsteinn þess sem kallað er meginlandsheimspeki. Heimspeki er hins vegar ekki eina fræðigreinin þar sem fyrirbærafræði er notuð og má í því sambandi nefna félagsfræði þar sem Alfred Schütz hefur verið merkisberi fyrirbærafræðilegrar félagsfræði. Á síðustu árum 20. aldarinnar fór fyrirbærafræði að ryðja sér til rúms í fornleifafræði en hér á eftir verður betur farið yfir nokkur dæmi um fornleifafræðinga sem hafa haft fyrirbærafræði að leiðarljósi við rannsóknir sínar.

Fyrirbærin, sem fyrirbærafræðin vinnur með, eru ekki endilega einungis *fyrirbæri*, þ.e. skrýtnir hlutir í beinni merkingu, heldur öll fyrirbæri, hvort sem þau eru gripir eða lífverur, atburðir eða landslag, allt sem *ber fyrir* okkur. Eins og Björn Þorsteinsson segir: „Fyrirbærafræðinni er ekkert óviðkomandi af því sem á annað borð getur birst og borið fyrir mannlegan athuganda sem er með meðvitund“ (2009: 150). Fyrirbærafræðin er þess eðlis að hún er engan veginn niðurnjörfuð og engin ein rétt leið liggur í gegnum hana heldur eru þær margar og síbreytilegar.

Í umfjölluninni um fyrirbærafræði hér á eftir verður stiklað á stóru í sögu fyrirbærafræði innan heimspeki, helstu fræðimenn og áherslur þeirra kynntar og reynt að svara spurningunni: hvað er fyrirbærafræði?

### 2.1 Upphaf og notkun í heimspeki

Upphaf fyrirbærafræðinnar má rekja til rannsókna fræðimanns að nafni Franz Brentano (1838-1917) (Thomas, 2006: 44). Forverar Brentano, svo sem Immanuel Kant og Aristóteles, höfðu þó áður komið fram með hugtök og kenningar sem að einhverju leyti voru teknar upp af fyrstu fyrirbærafræðingunum þó að upphaf fræðanna sé ekki rakið beint til þeirra. Brentano benti á að „... andleg fyrirbæri eru öðruvísi en líkamleg fyrirbæri vegna þess að þau *beinast* alltaf að einhverju“

(Schuhmann, 2004: 281, hér úr Thomas, 2006: 44, þýð. höfundar). Þessi meðvitaða virkni (e. conscious activity), sem Brentano kallaði *ætlandi* (e. intentionality), var þess eðlis að hún kallaði á að nota þyrfti aðrar aðferðir en þær sem beitt var innan náttúruvísinda til að takast á við hana (Thomas, 2006: 44).

Upphafsmáður hinnar eiginlegu fyrirbærafræði sem sérstakrar fræðigreinar er þó yfirleitt talinn vera Edmund Husserl (1859-1938) en hann bjó fræðigreininna til og gaf henni nafn (Björn Þorsteinsson, 2009: 147). Husserl var þýskur fræðimaður, rök- og stærðfræðingur að grunni, með doktorsgráðu í stærðfræði. Síðar aðhylltist hann heimspeki og birti sitt fyrsta heimspekirit á árunum 1900-1901, *Logische Untersuchungen (Rökréttar rannsóknir)*. Eftir það varð ekki aftur snúið. Miðja hugmyndafræði hans var gagnrýni á vísindahyggju (e. scientific empiricism). Hann hélt því fram að vísindalegar lýsingar (e. account) á heiminum væru öðruvísi en upplifun fólks af honum og að þær væru „... bæði ómannlegar og mjög fátæklegar“ (Tilley, 2005: 202, þýð. höfundar). Husserl aðhylltist hugmynd Brentano um *ætlandina* og lagði mikla áherslu á hana en meginmarkmið hans var að komast að hreinleika hugsýna (e. purity of intuition), þ.e. innsta kjarna þeirrar innilegu upplifunar að átta sig á hlutunum (e. get the point) (Thomas, 2006: 44). Til þess að geta gert þetta smíðaði Husserl hugtökin fyrirbærafræðilega *afturfærslu* (e. reduction) og *frestun* (alþjóðl. epoché). Við frestun er hið „náttúrulega viðhorf“ okkar tekið burt, það að hafa þá *vitneskju* að heimurinn sé *einfaldlega svona* (Thomas, 2006: 44-45); Björn Þorsteinsson, 2009: 155-156). Afturfærsla er „... greinargerð okkar fyrir samhenginu á milli sjálfsveruleika og heims“ (Zahavi, 2008: 25). Með samtvinnaðri notkun á þessum hugtökum og aðferðunum sem þeim fylgja á að vera hægt að varpa ljósi á innsta kjarna fyrirbæra líkt og Julian Thomas benti á: „Með þessu ætti að vera hægt að greina nákvæmlega hverju meðvitundin beindi sér að við ákveðna upplifun: hver hinn ætlaði hlutur [e. intentional object] hennar er“ (2006: 45, þýð. höfundar).

Fjöldi fólks fylgdi í fyrirbærafræði-fótspor Husserls snemma á 20. öldinni en gróflega skiptist sá hópur í tvennt: þýsku og frönsku fylkinguna. Margir forvígismenn heimspekinnar skipuðu sér í þessar fylkingar. Meðal þeirra voru m.a. Jean-Paul Sartre og Paul Ricoeur en þeir tilheyrðu báðir frönsku fylkingunni. Þeir sem eru þó þekktir sem forgangsmenn fylkinganna eru Martin Heidegger fyrir þýsku fylkinguna og Maurice Merleau-Ponty fyrir þá frönsku.



Heidegger (1889-1976) var doktor í heimspeki. Hann varð fyrir áhrifum frá Brentano og síðar einnig frá Husserl en Heidegger var lærlingur Husserls og tók síðar við stöðu hans í háskólanum í Freiburg í Þýskalandi. Samband Husserls og Heideggers var á síðustu árum Husserls mjög litað af því að Husserl var gyðingur en Heidegger nasisti. Husserl fór á eftirlaun árið 1928 þegar Heidegger tók við stöðu hans en árið 1933 var nafn Husserls þurrkað út af prófessoralistanum og honum meinaður aðgangur að háskólabókasafninu. Heidegger átti þátt í þessum atburðum með því að skrifa undir samþykkt þessa efnis. Husserl dó árið 1938 en gögn hans og handrit björguðust og átti þar hlut að máli munkur sem smyglaði þeim yfir landamæri Þýskalands. Hann kom þeim fyrir í klaustri þar sem þau voru örugg þar til Husserl-skjalasafnið var stofnað í Leuven í Belgíu (Zahavi, 2008: 109-110). Þar fara enn í dag fram rannsóknir og útgáfur á verkum Husserls, en mikið efni lá eftir hann óútgefið þegar hann lést.

Heidegger gaf út höfuðverk sitt, *Sein und Zeit (Vera og tími)*, árið 1927, en um ævina gaf hann út fjölda annarra verka um fyrirbærafræði. Voru kenningar Husserls grundvöllur hugmynda Heideggers. Heidegger var hins vegar í mörgu ósammála Husserl og fannst hann m.a. of fastur í viðjum tvíhyggju Descartes, s.s. huga:líkama og náttúru:menningu. Heidegger lagði til að hætt yrði að nota orðin *medvitund* og *ætlandi* og bjó þess í stað til hugtökin um *þarveruna/verandina* (e. *Being*, þ. *Dasein*) og *vera-í-heiminum* (e. *Being-in-the-world*, þ. *In-der-Welt-Sein*), þar sem fólk er „... alltaf þá þegar þáttakendur í heimi sem því hefur verið kastað inn í ...“ (Moran, 2000: 13, þýð. höfundar).

Til þess að útskýra þessi tvö hugtök Heideggers í stuttu máli má segja að *þarveran* sé sú heild sem allir, hver fyrir sig, eru, en hún grundvallast á *veru-í-heiminum* (Heidegger, 1962), þ.e. *vera-í-heiminum* er grundvöllurinn fyrir því að *þarveran* geti verið til. Þessi *vera-í-heiminum* var meginviðfangsefni Heideggers innan fyrirbærafræðinnar og snérust flestar hugmyndir hans um hana. *Vera-í-heiminum* samsvarar að einhverju leyti *ætlandi vitundarinnar* Husserls en hugmynd Heideggers gengur þó lengra og leggur áherslu á manneskjuna sem líkamlega veru, ekki bara vitundina eina (Björn Þorsteinsson, 2009: 166-168). Auk þessa nýtur manneskjan þeirra forréttinda að *þarveran* skiptir hana máli (Heidegger, 1962: 32; Thomas, 2000b: 82). Annað atriði sem aðgreinir Heidegger og Husserl er dauðinn en

Heidegger vakti athygli á honum. Samkvæmt Heidegger er eitt einkenni *þarverunnar* það „... að hún veit af dauðanum ...“ (Björn Þorsteinsson, 2009: 168).

Ljóst er því að Heidegger var í mörgu ósammála Husserl. Hægt væri að telja upp mörg fleiri dæmi þess efnis en hér verður þó látið nægja eitt atriði í viðbót. Husserl var ætíð á því að fyrirbærafræði ynni með það sem er for-vísindalegt (e. pre-scientific), þ.e. það sem kemur á undan vísindunum, *kjarnann*. Til þess að meðvitundin kæmist að hreinum kjarna fyrirbærisins þyrfti að setja til hliðar sjónarmið heimsins sem við lifum í (Thomas, 2006: 45). Heidegger hélt því hins vegar fram að fyrirbæri gætu *sýnt sig okkur*, en það myndi einungis gerast í heiminum, og *gæti* einungis gerst í honum. Þannig er fyrirbærafræðin ekki einungis að eiga við meðvitundina heldur einnig hvernig „... heimur manneskjunnar er myndaður sem samsetning skiljanlegra eininga [e. structure of intelligibility]“ (Thomas, 2006: 46, þýð. höfundar).

Merleau-Ponty (1908-1961) skrifaði margar bækur um fyrirbærafræði en höfuðrit hans er talið vera *Phénoménologie de la perception (Fyrirbærafræði skynjunar)* sem kom út árið 1945. Merleau-Ponty var mjög upptekinn af því að skilja hvernig fólk hegðar sér við ýmiss konar tilfallandi aðstæður á meðan Heidegger var niðursokkinn í hugmyndina og spurninguna um *þarveruna* (Thomas, 2006: 47). Bæði Merleau-Ponty og Heidegger voru á móti leit Husserls að almennum, yfirskilvitlegum (e. transcendental) samsetningum meðvitundarinnar og einnig voru þeir báðir mun áhugasamari um hversdagsleikann og dagleg störf heldur en Husserl (Thomas, 2006: 47). Merleau-Ponty lagði hins vegar mun meiri áherslu en bæði Husserl og Heidegger á líkamleika manneskjunnar og áhrif líkamleikans á skynjun hennar. Skynjun að hans mati var ekki óvirk (e. passive) athöfn, heldur virk (e. active) (Jensen, 2000: 58). Þessi áhersla á líkamann og virkni skynjunarinnar gæti verið ein ástæða þess að hugmyndir Merleau-Ponty hafa verið vinsælar í m.a. landslags- og kynjaforneifrafræði.

Merleau-Ponty hafði, líkt og flestir aðrir fyrirbærafræðingar, ekki mikið álit á raunvísindalegum aðferðum og segir hann m.a. í bók sinni *Fyrirbærafræði skynjunar*: „Eiginleikar hlutar, litur hans til dæmis, harka eða þyngd, segja okkur mun meira um hann heldur en rúmfræðilegir eiginleikar hans“ (1970 [1962]: 304). Hann gagnrýndi vísindi einnig fyrir að hafa látið manneskjuna gleyma því hvernig eigi að sjá, heyra o.þ.h. Með því hafi þau leitt okkur frá samskynjuninni (e. synaesthesia) sem á sér alltaf stað þegar við skynjum fyrirbæri (Merleau-Ponty, 1970 [1962]: 229), þ.e. að við

skynjum og upplifum með öllum skilningarvitunum fimm, ekki bara einu þeirra, t.d. sjóninni. Merleau-Ponty var, eins og Heidegger, á móti tvíhyggju Descartes og setti fram kenninguna um viðsnúanleika (e. reversibility). Gott dæmi um viðsnúanleika, sem sýnir hvers vegna ekki er hægt að slíta í sundur sjálfsveruna (e. subject) og viðfangið (e. object)<sup>2</sup> eins og tvíhyggjan gerir, er það þegar maður snertir aðra höndina á sér með hinni hendinni. Við það verða í raun til tveir atburðir, snerting og að snerta, á nákvæmlega sama tíma, en þó er það sami líkaminn sem kemur að báðum atburðunum, snertir og skynjar snertinguna (Merleau-Ponty, 1968, hér úr Tilley, 2004: 16-17).

Til þess að taka örstutt saman meginatriði í fyrirbærafræði Husserls, Heideggers og Merleau-Pontys er hægt að segja að Husserl hafi, sem upphafsmaður fræðigreinarinnar, lagt aðaláherslu á *ætlandi vitundarinnar* auk frestunar og afturfærslu. Heidegger kom þar á eftir með *þarveruna*, *veru-í-heiminum* og vitneskjuna um dauðann, auk aukinnar áherslu á störf hversdagsins sem Merleau-Ponty lagði einnig mikla áherslu á, eins og Thomas segir:

„Með því að færa rök fyrir því að grundvallarskilningur okkar geti einungis orðið til í samhengi fyrirbæra- og félagslegs heims tókst Heidegger og Merleau-Ponty að leiða fyrirbærafræðina frá því að vera leit að óhlutstæðum [e. abstract] kjörnum að því að brjóta þess í stað hversdaginn til mergjar“ (Thomas, 2006: 56, þýð. höf.).

Áhersla Merleau-Pontys, og munurinn á honum og Heidegger, lá að miklu leyti í áherslu á líkamleika mannsins og skynjun hans í því sambandi. Sameiginlegt eiga þeir að telja fyrstu persónu sjónarhornið mjög mikilvægt, þeir vinna með fyrirbærin, og þeir „... leitast við að hverfa til hlutanna sjálfra ...“ (Zahavi, 2008: 29).

Það sem upp úr framangreindri umfjöllun stendur eru því nokkur meginstef fyrirbærafræðinnar: *ætlandin/þarveran*, afturfærslan og frestunin og fyrstu persónu sjónarhornið, allt notað til þess að „... nálgast [...] kjarna – eða eðli – þeirrar upplifunar sem um ræðir“ (Björn Þorsteinsson, 2009: 160).

---

<sup>2</sup> Orðin sjálfsvera og viðfang eru hér notuð fyrir ensku orðin *subject* og *object*. Erfitt getur reynst að þýða þessi hugtök og getur merking þeirra jafnvel hliðrast aðeins eftir umfjöllunarefninu hverju sinni. Til einföldunar verða orðin sjálfsvera og viðfang þó notuð hér eftir í öllum tilfellum en þau eru fengin frá Birni Þorsteinssyni (munnleg heimild, 30. nóvember 2010).

## 2.2 Notkun fyrirbærafræði í fornleifafræði

„Við getum ekki „komist að“ merkingu í fortíðinni, og við getum vissulega ekki lesið hugsanir fólks úr fortíðinni í gegnum hluttekningarverknað [e. act of empathy]. En við getum sett okkur í samband við þann efnislega veruleika sem var órjúfanlegur hluti hins skiljanlega heims í fortíðinni“ (Thomas, 2000a: 180-181).

Fyrirbærafræðin fellur undir síðferlihyggju (e. post-processualism) í fornleifafræði og hefur sérstaklega haft áhrif á landslagsfornleifafræði og forsögulegar rannsóknir. Þrátt fyrir að fyrirbærafræði sé ekki leiðandi afl í fornleifafræði hafa þó nokkrir fræðimenn notfært sér fyrirbærafræðilega nálgun í fornleifarannsóknum. Verður hér á eftir sjónum einkum beint að þeim tveimur fornleifafræðingum sem líklegast eru þekktastir fyrir notkun sína á fyrirbærafræði, þeim Julian Thomas og Christopher Tilley. Þó er nálgun þeirra um margt ólík, sérstaklega þegar litið er til þess að Thomas fylgir að mestu hugmyndum Heideggers en Tilley hugmyndum Merleau-Pontys. Auk þessarar tveggja fornleifafræðinga hafa, eins og áður var nefnt, fleiri fornleifafræðingar nýtt sér fyrirbærafræði í rannsóknum sínum. Verður því, auk þess að gera grein fyrir Thomasi og Tilley, fjallað um rannsókn Sue Hamilton *et.al.* (2006) á Ítalíu.

Rannsóknin var gefin út í grein sem nefnist “Phenomenology in practice: towards a p [sic.] methodology for a ‘subjective’ approach” („Fyrirbærafræði í framkvæmd: Í átt að aðferðafræði til sjálfsverulegrar nálgunar“) og er hún valin til umfjöllunar hér sem eins konar stikkprufa úr fyrirbærafræðilegum fornleifarannsóknum sem hvorki Tilley né Thomas hafa komið að. Rannsókn Hamilton byggist að mestu leyti á fornleifafræðilegu lesefni um fyrirbærafræði (ekki heimspekinni sjálfri) og fæst við að prófa og þróa verklegar fyrirbærafræðilegar aðferðir sem hægt er að nota á vettvangi. Hún gefur því örlítið aðra sýn á notkun fyrirbærafræði í fornleifafræði en rannsóknir Tilley og Thomasar.

### 2.2.1 – Christopher (Chris) Tilley

Christopher (Chris) Tilley er prófessor við efnismenningarhluta mannfræðideildar UCL (University College London) í Bretlandi en hann er með doktorsgráðu í mannfræði og fornleifafræði. Tilley er sá fornleifafræðingur sem þekktastur er fyrir fyrirbærafræðilega nálgun sína í fornleifafræði og er það eitt af hans aðalviðfangsefnum. Tilley hefur einbeitt sér að forsögulegum landslagsrannsóknum, sér í lagi á Bretlandseyjum og í Skandinavíu. Hann hefur skrifað fjöldann allan af greinum og bókum um rannsóknir sínar en helst ber að nefna *A phenomenology of*

*landscape: places, paths and monuments (Fyrirbærafræði landslags: Staðir, leiðir og minnismerki)* sem yfirleitt er talið vera brautryðjendaverk á þessu sviði. Aðrar mjög þekktar bækur eftir hann er þrileikurinn *Explorations in landscape phenomenology 1-3 (Kannanir í landslagsfyrirbærafræði 1-3)*: 1) *The materiality of stone (Efnisveruleiki steina)*, 2) *Body and image (Líkami og mynd)*, 3) *Interpreting landscapes: geologies, topographies, identities (Að túlka landslag: Jarðfræði, staðfræði, vitund)*. Þær bækur byggja að mestu leyti á grunni fyrirbærafræðinnar en hver um sig fjallar um mismunandi viðfangsefni: steina (bók eitt), myndir/steinristur (bók tvö) og mismunandi landslag í tengslum við staðfræði og jarðfræði (bók þrjú).

Þegar kemur að fyrirbærafræði fylgir Tilley sérstaklega hugmyndum Merleau-Pontys um líkamleika og áhrif hans á skynjun mannsins. Tilley minnst mjög sjaldan í skrifum sínum á aðra fyrirbærafræðinga, s.s. Heidegger eða Husserl, og nöfn þeirra og verk er yfirleitt ekki að finna í heimildaskráum Tilleys. Hugmyndir Merleau-Pontys koma hins vegar mjög skýrt fram í bókum Tilleys og verður nú fjallað um nokkrar þeirra.

Tilley segir í bók sinni *A phenomenology of landscape* (1994) að meginviðfangsefni fyrirbærafræðilegrar nálgunar sé alltaf „... á hvaða hátt fólk upplifi og skilji heiminn“ (bls. 11, þýð. höfundar). Þessi staðhæfing Tilleys er sterklega tengd líkamleika og hætti upplifana í hugmyndum Merleau-Pontys en Tilley segir að það einkenni fyrirbærafræði hans að hún er grundvölluð á líkamleika (e. physicality) og efnislegru tilveru mannlíkamans í heiminum (Tilley, 2004: 2).

Tilley bendir einnig á að Merleau-Ponty hafi verið þeirrar skoðunar að upplifun sé alltaf upplifun á einhverju frá líkamlegu sjónarhorni (Tilley, 2004: 2) og að „... mannlíkaminn sé brúin á milli hugsunar og heimsins“ (Tilley, 1994: 14, þýð. höfundar). Séu þessar hugmyndir settar saman við fullyrðinguna um meginviðfangsefni fyrirbærafræðilegrar nálgunar er útkoman sú að líkaminn og hlutverk hans sem milligönguaðili skipti höfuðmáli í upplifun fólks og skilningi á heiminum. Fyrirbærafræðileg fornleifafræði Tilleys grundvallast því að mestu leyti á hugmyndunum um líkamann, líkamleika, og notkun hans við rannsóknir, m.a. segir hann á einum stað: „Vitneskja um hlut er grundvölluð á líkamlegu sambandi okkar við hann“ (Tilley, 2004: 11, þýð. höfundar). Þessi nálgun er mjög greinileg í verkum hans og sést hún m.a. á því að hann fer alltaf á rannsóknarstaðina sjálfur og skrifar út frá eigin upplifun. Hann dvelur í landslaginu í lengri tíma, kynnist því og nálgast það

frá mismunandi sjónarhornum hvað varðar áttir, veður, birtu o.s.frv. því að mismunandi aðstæður hafa mismunandi áhrif á upplifun manns af fyrirbærunum (t.d. Tilley, 2008a: 44-45).

En það eru ekki einungis ytri aðstæður sem stjórna því hvernig líkaminn skynjar fyrirbæri, heldur einnig hann sjálfur. Líkaminn getur bæði gert manneskju kleift að skynja fyrirbæri en einnig heft hana við það: „Upplifun rýmis er grundvölluð á líkamanum sjálfum; hæfileikum hans og möguleikum til hreyfingar“ (Tilley, 1994: 16, þýð. höfundar). Það þarf jafnvel að beita líkamanum á ákveðinn hátt til þess að geta upplifað fyrirbæri, t.d. klettarieturnar á Simrishamn svæðinu í Svíþjóð þar sem oft þarf að ganga inn á milli ristanna til að sjá þær og upplifa (Tilley, 2008a: 15-17). Auk þess getur jafnvel þurft að reyna á líkamann eða beita honum á ákveðinn hátt, t.d. klífa fjall eða stökkva yfir á, til þess að komast að fyrirbærum (sjá t.d. Tilley, 2008a: 267). Þetta svið líkamleikans er einn af meginþráðum rannsókna Tilley í bókinni *Body and image* (2008). Hreyfing líkamans og þátttaka hans í landslaginu skiptir sköpum í upplifun fyrirbæra: „Hvernig upplifun gripa eða staða er háttáð er þess vegna að miklu leyti háð gerð [e. structure] móts míns við þá“ (Tilley, 2004: 10, þýð. höfundar).

Við skynjum allt í gegnum líkamann og í gegnum skilningarvitin fimm. Samskynjun er mikilvægt hugtak sem komið var inn á í kaflanum um Merleau-Ponty hér að framan en það þýðir að öll skynjun okkar og upplifun er útkoma samspils allra skilningarvitanna fimm. Heyrn, snerting, lykt, bragð og sjón hafa öll áhrif á það hvernig maður upplifir fyrirbæri. Í bókinni *Materiality of stone* (2004) leggur Tilley áherslu á lit og áferð í rannsókn sinni á bautasteinum (e. menhir) í 2. kafla en tekur þó fram að fyrirbærafræðilega séð séu skynfærin fimm tengd og þau eigi ekki að slíta í sundur (Tilley, 2004: 12). Litir geta verið snar þáttur í því hvernig upplifun af steini, og í raun öllum fyrirbærum, er og einnig áferð. Áferð er m.a. skynjuð með fingurgómunum og getur steinn sem virðist sléttur í raun verið hrjúfur þegar steinninn er snertur og það getur skipt máli að mati Tilley: „Bara vegna þess að við getum mælt stærð steins þýðir ekki að stærðin skipti meira máli en áferðin eða liturinn“ (Tilley, 2004: 11, þýð. höfundar). Í tilvitnuninni hér á undan má sjá að enn eimir eftir af þeirri gagnrýni á vísindahyggju sem einkenndi fyrstu fyrirbærafræðinganna eins og komið var inn á hér að framan.

Annað, sem var hluti af fyrirbærafræði Merleau-Pontys, sem og Heideggers, var áður nefnd ádeila þeirra á tvíhyggju Descartes og tekur Tilley einnig afstöðu gegn henni. Hann bendir oft á handa-útskýringu Merleau-Pontys sem fjallað var um hér að framan í þessu sambandi og færir hana m.a. yfir á stein og snertingu handar við hann til þess að benda á samband sjálfsveru og viðfangs (Tilley, 2004: 17). Í sambandi við þetta leggur Tilley mikla áherslu á að ekki sé hægt að slíta í sundur náttúru og menningu eins og gert er í tvíhyggjunni og segir:

„Samkvæmt fyrirbærafræðilegu sjónarhorni er náttúran hvorki hlutur sem er utan okkar né eitthvað sem við búum til í menningarlegri vitund heldur líkömnuð tengsl við heim sem þegar er til staðar utan líkamans og er á vissan hátt „náttúrulegur“ honum“ (Tilley, 2004: 23, þýð. höfundar).

Náttúran er því ekki einungis „auð tafla“ sem menningin fyllir út heldur er hún, ásamt menningunni og öllu öðru, til vegna sambanda og er samofin í félagslegri *verund* (Tilley, 2004: 24).

Það síðasta sem nefnt skal hér af því sem Tilley tengir sérstaklega við Merleau-Ponty er notkun á myndlíkingum (e. metaphor). Tilley segir að myndlíkingar séu bæði útkoma fyrirbærafræðilegra greininga sem og besta leiðin til að miðla þeim (Tilley, 2004: 23). Með myndlíkingum er hægt að tengja hugmyndir fólks um eitthvað sem er þekkt við eitthvað sem er óþekkt og sjá líkindi í því sem er ólíkt (Tilley, 2004: 22). Hugmyndir verða til úr líkömnuðum upplifunum okkar og eru margar myndlíkingar grundvallaðar á líkamanum og andlegum myndum sem hafa líkamlega upplifun sem grundvöll. Vegna þess hve slíkar upplifanir eru misjafnar eru myndlíkingar mismunandi eftir menningarheimum. Tilley nefnir sem dæmi Dogon fólkið í Malí sem lítur á þorpið sitt sem risastóra mennska lífveru og eru hlutar þorpsins skilgreindir sem ákveðnir líkamspartar hennar (Tilley, 2004: 22). Tilley talar sjálfur oft um „beinin“ í landslaginu (t.d. Tilley, 2008a: 268) og á þá við fjöll, dali, ár o.s.frv., sérkenni sem yfirleitt eru stöðug í umhverfinu.

Önnur atriði, sem Tilley kemur mikið inn á í verkum sínum, eru t.d. stundarveruleiki (e. temporality), minni, örnefni eða nöfn í umhverfinu, kunnugleiki (e. familiarity), staðsetningar og sambönd minja og staða, staðsetning fyrirbæra miðað við líkamann og sex víddir þeirra og svo mætti lengi telja. Allir tengjast þessir þættir saman í rannsóknum Tilleys og er ljóst að ekki gefst rúm til þess að fara ítarlega ofan í þá alla. Þó er nauðsynlegt að skoða hluta þeirra aðeins nánar.

Tilley telur minnið skipta mjög miklu máli við fyrirbærafræðilegar rannsóknir. Þar sem manneskjan er alltaf að koma á nýja staði er hún stöðugt að bæta við vitneskju sína því vitneskjan býr í minninu og minnið sér um að tengja staði saman (Tilley, 2004: 219). Örnefni eða nöfn í umhverfinu eru gífurlega mikilvæg að mati Tilley og með því að gefa landfræðilegum sérkennum ákveðin nöfn tengjum við þau inn í sögulega og félagslega upplifun okkar (Tilley, 1994: 18). Þannig verða til staðir sem fólk þekkir, getur sagt frá og innlímað í samfélagið, en það grundvallast þó á efniviðnum sem er fyrir hendi (Tilley, 1994: 19). Sem dæmi þá eru staðir oft nefndir eftir einkennum tengdum þeim sjálfum, s.s. Hveravellir eða Breiðafjörður, en lítið vatn uppi á heiði væri aldrei nefnt Hveravellir eða lítinn tangi Breiðafjörður. Þannig taka nöfnin alltaf mið af því sem er fyrir hendi í landslaginu.

Tilley er í bók sinni *A phenomenology of landscape* mjög upptekinn af spurningunni: „... af hverju voru ákveðnir staðir valdir til búsetu eða til þess að reisa forn minnismerki [e. monument] frekar en aðrir?“ (Tilley, 1994: 1, þýð. höfundar). Hann segir að auðvitað setjist fólk ekki að þar sem ekkert sé að hafa en eitthvað meira hljóti að liggja að baki, eitthvað mikilvægt sem fræðimenn verði að reyna að skoða. Bókin gengur því mikið út á það að skoða samspil og sambönd staðsetninga og minja og hvaða ályktanir sé hægt að draga af þeim.

Síðast en ekki síst er vert að nefna staðsetningu fyrirbæra út frá líkamanum. Fyrirbæri eru alltaf staðsett einhvers staðar út frá líkamanum sem upplifir þau. Þau geta verið fyrir ofan/neðan eða uppi/niðri, fyrir framan/aftan eða til hægri/vinstri. Þessar staðsetningar eru miðaðar út frá líkamanum en eru ekki innra með honum heldur tengja hann við heiminn og eru sífellt að breytast (Tilley, 2004: 4). Einnig má nefna önnur hugtök eins og herna/þarna, nálægt/langt í burtu, sem gefa til kynna staðsetningu fyrirbæra út frá líkamanum. Tilley tekur fram að sums staðar megi tengja þessi hugtök við myndlíkingar og tengja *upp* við gott og *niður* við slæmt eða *fyrir framan* við formlegheit og *á bak við* við innilegheit (Tilley, 2004: 5,7), sbr. strúktúralistískar uppsetningar á andstæðum.

Eins og áður sagði þá hefur Tilley skrifað fjöldann allan af greinum, köflum og bókum, auk áðurnefndra fjögurra bóka, um fyrirbærafræðilega fornleifafræði og tengd efni. Auk þessa hefur hann ritað kafla í handbókum og uppflettiritum um fornleifafræði, s.s. *Archaeology: the key concepts* (*Fornleifafræði: Undirstöðuhugtökin*) og *Handbook of landscape archaeology* (*Handbók um*



*landslagsfornleifafræði*), þar sem hann útlistar aðferðir fyrirbærafræðilegrar fornleifafræði. Þar leggur hann áherslu á að fyrirbærafræði fái við að skoða og lýsa fyrirbærum sem eru skynjuð í gegnum líkama viðkomandi. Lögð er áhersla á að nota skilningarvitin fimm við upplifun fyrirbæra í stað raunvísindalegra mælinga á þeim; það að vera á staðnum og upplifa fyrirbærin skipti öllu máli og oft séu kort og tæki ekki af hinu góða. „Það að vera góður fyrirbærafræðingur er að reyna að þróa innilegt samband við landslagið í líkingu við samband elskenda“ (Tilley, 2008b: 275).

Tilley hefur sætt gagnrýni m.a. fyrir það að rannsaka út frá fyrstu persónu og telja sumir fræðimenn, sem ekki aðhyllast póstmóðernisma, nálgun hans ekki vera mjög vísindalega enda sé fólk eins misjafnt og það er margt. Tilley bendir hins vegar á að ítarlegar lýsingar (e. thick descriptions) fyrirbærafræðinnar geti hjálpað fræðimönnum við að búa til nýja þekkingu (t.d. Tilley, 2004: 28, 30). Auk þess séu allar persónulegar upplifanir félagslegar og því séu þær aldrei alveg einstakar (Tilley, 2004: 219).

### 2.2.2 – Julian Thomas

Julian Thomas er þekktur doktor í fornleifafræði sem gegnir stöðu prófessors við háskólann í Manchester í Bretlandi. Thomas hefur m.a. notað fyrirbærafræði í rannsóknum sínum á forsögulegri efnismenningu, aðallega gripum, en einnig á landslagi þótt hann hafi í minna mæli einbeitt sér að því. Dæmi um skrif hans á þessu sviði er kafli hans “Phenomenology and material culture” („Fyrirbærafræði og efnismenning“) í *Handbook of material culture (Handbók um efnismenningu)* og bókun *Time, culture and identity: an interpretive archaeology (Tími, menning og vitund: Túlkunarleg fornleifafræði)* þar sem hann notar fornleifafræði í anda Heideggers til að rannsaka efnismenningu. Thomas segir aldrei með berum orðum í þeirri bók að hann noti þar fyrirbærafræði en með því að fara eftir hugmyndum Heideggers gerir hann það allavega að nokkru leyti. Thomas notar að mestu leyti kenningar Heideggers úr fyrri skrifum hans en aðrir fornleifafræðingar, s.s. Svíinn Hákan Karlsson, hafa hins vegar nýtt sér seinni kenningar og skrif hans í rannsóknum sínum (sjá t.d. Karlsson, 1998; Karlsson, 2000).

Thomas útlistar hugmyndir sínar, byggðar á kenningum Heideggers, í bókinni *Time, culture and identity* (1996). Grunnstef bókarinnar er ádeila á það af hverju fólk og fræðimenn spyrji sig aldrei grunnspurninganna: Hvað er tími? Hvað er samfélag?

Hvað er vitund (e. identity)? (sbr. nafn bókarinnar). Þessar spurningar eru í anda fyrirbærafræðinnar, en hún vill, eins og áður hefur verið nefnt, afneita öllu gefnu til þess að komast að kjarna fyrirbærisins. Meðal þeirra atriða sem Thomas tekur upp eftir Heidegger er hugmyndin um *verandina/þarveruna*. Hann telur mjög mikilvægt fyrir fornleifafræðinga að skoða hugmyndir Heideggers um hana því hún hafi verið brengluð (e. obscured) af vestrænum hugmyndum og hefðum. Þetta nútímaviðhorf (e. modernity) hefur verið Thomasi hugleikið og hefur hann skrifað heila bók, *Archaeology and modernity (Fornleifafræði og nútímaviðhorf)* (2004), um uppruna og vandamál þess. Thomas segir að fólk og fræðimenn verði að átta sig á því að fólk í fortíðinni byggði heim sinn ekki endilega upp á sömu hugtökum og huglægu venjum (e. habits of mind) og fólk í hinum vestræna heimi í dag (Thomas, 1996: x). Meðal annars eiga einstaklingshyggja vestrænna þjóða og túlkanir á fortíðinni út frá hagnýtum forsendum alls ekki alltaf við. Sem dæmi nefnir Thomas rými í *Linearbandkeramik* langhúsum en þau hafa yfirleitt verið túlkuð út frá hagnýtum forsendum. Í stað þeirra túlkana vill hann meina að eitt rýmið, það sem komið var inn í þegar gengið var inn í húsið, hafi í raun verið eins konar svið fyrir sambönd fólks og athafnir því tengdu. Þannig hafi húsið/rýmin orðið staður fyrir minningar og þar af leiðandi „... myndi fólk halda áfram að vera *nálægt* þeim, jafnvel þegar það væri líkamlega langt í burtu“ (Thomas, 1996: 111, þýð. höfundar, upprunaleg áhersla). Þannig væru t.d. hús og rými mikilvægur þáttur í samskiptum og samböndum fólks.

Thomas er einnig sammála Heidegger um það að efnislegir hlutir sýni sig í gegnum formgerð menningarlegra vitsmuna (e. structure of cultural intelligibility). Tengt því nefnir hann m.a. gripi sem finnast á nýsteinaldarstöðum víða í Evrópu en þeir virðast þýða mismunandi hluti fyrir fólkið sem hafði þá síðast í höndum, mismunandi þýðingar tengdar mismunandi menningarlegum vitsmunum. Í framhaldi af þessu má nefna umræðu Thomasar um gripi, stundarveruleika og vitund (bls. 78-82) en þar ræðir hann um gripi m.a. sem hluta af vitund fólks, sem minnislykla og söguskjóður. Hann nýtir einnig þessa umfjöllun í kafla sex (bls. 141-182), “Later Neolithic Britain: artefacts with personalities” („Síð-Nýsteinaldar Bretland: Gripir með persónuleika“), en þar segir hann meðal annars: „... gripir eru ekki bara spegilmynd eða afurð samfélags heldur eru þeir nauðsynlegir félagslegum samböndum“ (bls. 141, þýð. höfundar). Eitt er það enn sem ber að nefna en það er tvíhyggja Descartes sem Thomas gerir mikið út á að rífa niður, líkt og Heidegger

gerði. Thomas hamrar á því að ekki sé hægt að slíta í sundur menningu og náttúru því hvort sé hluti af hinu. Náttúrulegar „staðreyndir“, eins og það að líffræðilegt kyn sé fastur grunnur fyrir kyngervi og að líffræðilegt kyn og kyngervi séu þá aðskilin með tvíhyggju, segir Thomas vera fásinnu og vill meina að líffræðilegt kyn sem og aðrar náttúrulegar „staðreyndir“ séu mótaðar í orðræðunni: „Engin þeirra kemur á undan þeirri mannlegu upplifun af heiminum sem þær eru unnar úr og einungis er hægt að viðhalda rökfræðilegum forgangi þeirra með ákveðinni mynd rökfærslu“ (Thomas, 1996: 235, þýð höfundar). Þetta sé raunin með allt, öll fyrirbæri yfir höfuð, því þau séu samtvinnuð á ýmsan hátt og mótuð í orðræðunni út frá upplifun manneskjunnar.

### 2.2.3 – Sue Hamilton et.al.


Sue Hamilton er með doktorsgráðu í fornleifafræði og prófessor í forsögu við fornleifafræðideild UCL (University College London) í Bretlandi. Hún birti ásamt fleirum grein árið 2006 þar sem tekist var á við framkvæmd fyrirbærafræðilegra fornleifarannsókna á vettvangi. Þrenns konar tilraunir voru gerðar og voru rannsóknarsvæðin fjórir nýsteinaldarfornleifastaðir á tveimur samliggjandi svæðum á Ítalíu. Með rannsókninni reyndi hópurinn bæði að þróa sérstakar aðferðir til þess að nota á vettvangi sem og að blanda fyrirbærafræði saman við aðra þekktari nálgun, svo sem tæknilega, efnahagslega og umhverfislega. Það sem gerir þessa rannsókn m.a. frábrugðna öðrum fyrirbærafræðilegum landslagsrannsóknum í fornleifafræði er að unnið var með heimilislegt samhengi og kunnuglegar, hversdagslegar aðstæður en ekki sérstaka og/eða trúarlega staði eins og oft hefur einkennt rannsóknir sem þessar. Í greininni er einnig gagnrýnt hvernig eitt skynfæri, sjón, hefur fengið mesta eða alla umfjöllun í rannsóknum sem þessum hingað til og bent er á tillögur að úrbótum.

Fyrirbærafræðilegu aðferðirnar þrjár sem rannsóknarhópur Hamilton notaði á efniviðinn voru: 1) Að kortleggja sjónræna skynjun (e. visual perception) á landslaginu frá ákveðnum punkti (bls. 38-44), 2) Kortlagning og skráning skynjunar félagslegs rýmis (bls. 44-54), 3) Fyrirbærafræðileg grenndargreining (e. site catchment analysis) (bls. 54-65). Munu þær og viðfangsefni þeirra hér eftir verða kallaðar tilraunir eitt til þrjú. Ekki gefst hér rúm til þess að fara ítarlega ofan í saumana á hverjum þætti en þó verður að gera þeim nokkur skil hverjum fyrir sig.

Tilraun eitt byggist á því að í hvert sinn sem staðið er á ákveðnum punkti er sjónsviðið 360°, heill hringur, þar sem líkaminn getur hreyft sig og snúið sér. Hægt

væri að kalla þetta undirstöðuatriði *hringsýn* (e. circular view). Til þess að skrásetja skynjun landslagsins notar hópurinn aðferð sem talin er upphaflega hafa komið frá 18. aldar fornfræðingi, William Stukeley. Hann hafði á sínum tíma teiknað sjóndeildarhringinn, 360°, eins og hann sást frá ákveðnum stað á England. Hópurinn tók þessa aðferð upp á sína arma og lagaði að hugmyndum sínum um fyrirbærafræði. Þau ákváðu að sjóndeildarhringurinn skyldi vera teiknaður í hring sem væri skipt upp í áttir og inni í þeim hring væru þrír aðrir hringir. Þeir væru ætlaðir til þess að ákvarða fjarlægðina frá punktinum sem staðið væri á (nálægt, miðsvæðis, langt í burtu og langt, langt í burtu) miðað við skynjun viðkomandi aðila, ekki mælda fjarlægð.

Ríkjandi einkenni í landslaginu, svo sem fjöll, tré og ár, voru síðan teiknuð inn á hringinn þar sem það átti við. Með því sást t.d. í hvaða áttir skyggni var mikið og í hvaða áttir sýn var byrgð. Með þessu er þeim sem skoða gögnin um leið veitt tilfinning fyrir umhverfinu á



Mynd 1: Hringsýn eins og hún var teiknuð af Hamilton *et.al.* á nýsteinaldarstöðunum fjórum á Ítalíu.

annan hátt en bara með ljósmyndum, sem eru í raun afmarkaður rammi, og kortum/loftmyndum sem gefa ekki rétta mynd af landslaginu eins og það er skynjað af manneskjum á staðnum. Með þessari aðferð er m.a. hægt að bera saman teikningar frá mismunandi stöðum og reyna að sjá út hvort það eru líkindi með umhverfi fornleifa í sömu minjaflokkum.

Tilraun tvö byggðist á því að skoða hvernig samskipti, hljóð og sjón, virkuðu í umhverfinu, hve langt væri hægt að heyra í fólki og sjá það og í báðum tilfellum greina hvað fólkið væri að segja/gera. Einnig voru atriði eins og litir, lykt, reykur og annars konar hljóð, m.a. frá dýrum, skoðuð. Framkvæmd rannsóknar á hljóðbærni og sýn fór þannig fram að athugað var hve langt þurfti að fara til þess að ákveðnir

hlutir/fólk færu í hvarf eða hve langt þyrfti að fara til þess að það hætti að heyrast í þeim. Einnig var fólk sent út að ystu mörkum rannsóknarsvæðisins og aðrir, sem voru á því miðju, skráðu hvað hægt væri að sjá og heyra af því sem fólkið við útjaðrana gerði. Til dæmis var athugað hvort hægt væri að heyra köll, flaut eða orðaskil og hvort hægt væri að greina stórar handahreyfingar eða smáar, svipbrigði og þess háttar. Mikil áhersla var því lögð á að skoða margar gerðir samskiptaforma því að: „... þessi mismunandi stig samskipta eru grundvöllur þeirra félagslegu viðfangsefna sem hægt er að framkvæma innan og yfir staði frá ákveðnum punktum“ (bls. 46, þýð. höfundar). Einnig gerði hópurinn ráð fyrir öðrum breytum, svo sem mismunandi afdrifum hljóða frá körlum og konum og áhrifum frá breytilegum aðstæðum, s.s. veðri. Meðal annars kom í ljós að nokkur munur var á því hvernig hljóð barst frá konum og körlum og t.d. náðu konur oft að koma sínum skilaboðum til viðtakanda úr meiri fjarlægð en karlarnir. Með þessari aðferð er m.a. hægt að sjá hversu langt gat verið á milli fólks áður en það hætti að geta haft samskipti og hve langt var hægt að senda boð með mismunandi aðferðum.

Tilraun þrjú gekk út á að samþætta fyrirbærafræði og hefðbundnari aðferðir tengdar efnahagslegum þáttum og landnýtingu í gegnum svokallaða grenndargreiningu. Hópurinn þróaði fyrirbærafræðilega grenndargreiningu og var framkvæmdin á henni þannig að gengið var í klukkutíma frá ákveðnum byrjunarpunkti á miðju fornleifasvæðinu í höfuðáttirnar fjórar og með því ákvarðaður klukkutíma radíus frá miðju svæðisins; sama leið var síðan gengin aftur til baka. Á leiðinni voru skráð ýmis atriði, s.s. landslagsútlínur/staðfræði (e. topography), jarðvegur og gróðurfar, skyggni (e. visibility), auk ýmislegs annars sem á vegi skrásetjaranna varð. Til þessa var notað staðlað eyðublað sem fyllt var inn í sem og stuttar skriflegar lýsingar. Saman áttu þessar skriflegu einingar að gefa góða, samþætthanlega sýn af leiðinni sem farin var. Þó að þessi aðferð gæfi sæmilega góða raun voru ákveðnir annmarkar á henni. Ganga þyrfti í beina línu eftir áttavita, óháð útlínum landslagsins, og ljóst er að þess háttar ferð í gegnum landslagið er manneskjunni ekki eðlislæg.

Höfundarnir nefna í greininni að nærumhverfi staðanna gæti hafa haft sérstaka merkingu. Í greininni er bent á að skrásetjurum hafi ekki alltaf fundist þeir vera í ferð í gegnum landslagið eins og ætlunin var. Það hafi þó verið sterkari tilfinning þegar farið var til baka að staðnum sem byrjað var á; það var þá einhvers konar heimferð,

svipað og tilfinningin sem allir þekkja: að sjá loksins áfangastaðinn og geta ákvarðað hve langt sé eftir og þá sérstaklega eftir langferð. Í fortíðinni áttu allar ferðir sér áfangastað, hvort sem farið var frá heimili sínu eða að því. Það er munurinn á upplifun skrásetjaranna og fólks í fortíðinni. Skrásetjararnir höfðu einungis óljósan lokapunkt á leiðinni frá staðnum: það að stoppa þegar klukktími var liðinn. Sá áfangastaður var í raun „langt-í-burtu“, á meðan manneskja, sem gekk sömu vegalengd í fortíðinni, hafði það á tilfinningunni að áfangastaðurinn væri nær þar sem hún var t.d. á leið í fjárhúsið en ekki á einhvern óræðan endapunkt. Ákveðinn áfangastaður og kunnugleiki umhverfisins geta því haft mikil áhrif á skynjun og upplifun ferðar.

Niðurstöður hópsins eru þær að í raun séu venjubundnar skoðanir á notkun náttúruauðlinda og aðlögun að umhverfinu ekki eins aðskildar skynjun staðar eins og gefið hefur verið í skyn hingað til. Það að nota fyrirbærafræðilega nálgun á grenndargreiningu hafi t.d. getað bætt við tilfinningunni að um ferð væri að ræða þó að aðferðin væri í raun algerlega snauð af mennsku atbeini og upplifun. Þau vonast til þess að rannsókn þeirra, með skoðun á mörgum mismunandi tegundum skynjunar, s.s. sjón, heyrn og lykt, muni vera grunnurinn að skoðunum á þeirri mergð upplifana sem mynda daglegt líf.

#### 2.2.4 – Ísland

Fyrirbærafræði hefur ekki mikið verið notuð í fornleifafræði á Íslandi og ekkert við hefðbundnar skráningar. Einungis fáir fornleifafræðingar hafa nýtt sér hana í rannsóknum sínum og skrifum hér á landi. Þar má helst nefna Oscar Aldred en meginviðfangsefni hans er hreyfing og hreyfanleiki í landslagi (sjá m.a. Aldred (í vinnslu); Aldred og Sekedat, 2010). Í rannsóknum sínum á því sviði notar hann meðal annars fyrirbærafræði en er að sama skapi gagnrýninn á suma þætti hennar og þá sérstaklega nálgun og aðferðir Tilleys (t.d. Aldred, 2010).

Steinunn Kristjánsdóttir birti grein árið 2008 sem fjallar um fyrirbærafræði og Skriðuklaustur í Fljótsdal þar sem farið hefur fram uppgröftur undir hennar stjórn frá árinu 2002. Steinunn styðst í greininni við kenningar Merleau-Pontys og er fyrirbærafræðin nýtt til túlkunar á því sem komið hefur fram í uppgreftinum. Er þar farið yfir hvað hvert skilningarvit fyrir sig hefur mögulega skynjað þegar komið var í klaustrið á klausturtíma (sjá Steinunn Kristjánsdóttir, 2008).

Dóra Pétursdóttir kom einnig inn á fyrirbærafræði og kenningar í anda Heideggers, s.s. *vera-í-heiminum*, í meistararitgerð sinni frá háskólanum í Tromsø, „*Deyr fé, deyja frændr*“: *re-animating mortuary remains from Viking Age Iceland* (2007). Svipaða sögu er hægt að segja um Kristján Mímisson en hann hefur komið inn á kenningar Heideggers í rannsókn sinni á býlinu Búðarárþakka í Hrunamannahreppi (Kristján Mímisson, 2009). Einnig benti hann á í grein sinni í *Ritinu* 2004, „Landslag möguleikanna: kall eftir faglausri hugsun í fornleifafræði“, að fyrirbærafræði væri kennileg nálgun sem mögulega myndi, ásamt öðru, skapa ný tækifæri og nýja orðræðu innan fornleifafræði á Íslandi í framtíðinni.

Síðast en ekki síst skal nefnd nýleg grein eftir Ármann Guðmundsson, „Landshættir minnis: Örafasveit, fyrirbærafræðileg nálgun“ (2008-2009). Þar notar hann ritaðar heimildir og fyrirbærafræðilega nálgun til þess að draga fram tvær birtingarmyndir félagslegs minnis í Örafasveit, örnefni og búsetumynstur. En í þeim endurspeglast hugmyndir manna fyrir og eftir eldgosid í Örafajökli 1362.

#### 2.2.5 – Samantekt

Í fyrirbærafræði ræður engin ein nálgun eða aðferð ríkjum og eins og sést á dæmunum hér að framan eru fræðimenn, einungis innan fornleifafræði, hver á sinni grein þegar kemur að notkun fyrirbærafræðinnar. Nokkur atriði eru þó yfirleitt gegnumgangandi en þau varða staðsetningar, samskipti og sambönd fólks og umhverfis/hluta, einstaklinga jafnt og hópa og skynfærin fimm (heyrn, sjón, lykt, tilfinning og bragð). Það er því greinilegt að margskonar nálgun er möguleg en hún er þó misjafnlega mikið fyrirbærafræðileg. Sums staðar eru hugmyndir teknar beint úr fyrirbærafræðinni og gerðar að skoðunaraðferðum<sup>3</sup> en annars staðar eru fyrirbærafræðilegar hugmyndir, sem jafnvel eru búnar að velkjast á milli manna, teknar upp og settar saman við annars konar aðferðir til að mynda nothæfa aðferðafræði. Hér verður þó ekki gert upp á milli þess hvernig mismunandi aðilar nálgast viðfangsefnið enda eiga allar aðferðirnar rétt á sér. Hægt væri að tala um *milda* og *harða* fyrirbærafræði í þessu samhengi. Hugtakið mild fyrirbærafræði (e. soft phenomenology) kemur meðal annars fram í grein Hamiltons (2006: 33) en þar er

---

<sup>3</sup> „Skoðun“ af því að höfundur vill ekki nota orðið *rannsókn* þar sem það bendir til náttúruvísindalegrar rannsóknar sem er nálgun sem fyrirbærafræðin vill komast hjá og kemur í raun á eftir því sem fyrirbærafræðin reynir að nálgast.

það skilgreint sem hugtak yfir grunnatriði í fyrirbærafræði, svo sem hljóð og heyrn, í bland við hefðbundin fornleifafræðileg gögn. Hörð fyrirbærafræði er hins vegar hugtak sem höfundur vill nota sem annan punkt á skalanum yfir styrk fyrirbærafræðinnar innan þess sem verið er að gera. Það er að segja hvort fyrirbærafræðin er grunnur sem er hagrætt og lagaður að efninu eftir þörfum, þ.a.l. mild, eða hvort fyrirbærafræði ræður ríkjum og er fastur rammi utan um efnið þar sem efnið er frekar lagað að fyrirbærafræðinni heldur en hún að efninu, þ.a.l. hörð.

Á Íslandi er notkun fyrirbærafræði í fornleifarannsóknum frekar sjaldgæf en ef vart verður við hana er hún yfirleitt runnin undan rifjum Heideggers, Merleau-Pontys eða Tilley's sem milligönguaðila á milli fornleifafræðingsins og Merleau-Pontys.

### **3. Fornleifaskráning og fyrirbærafræðilegir möguleikar hennar**

Í þessum kafla verður fornleifaskráning á Íslandi skoðuð eins og hún er í dag, þ.e. aðferðafræði hennar, innihald og forsendur. Síðan verða möguleikar þess að skrá menningarlandslag með sameiningu fornleifaskráningar og fyrirbærafræði viðraðir og aðferðir kynntar.

#### **3.1 Fornleifaskráning á Íslandi**

Fornleifaskráningar eru yfirleitt gerðar í tengslum við framkvæmdir, s.s. skipulagsvinnu sveitarfélaga þó að til séu örfáar undantekningar þar á. Til einföldunar eru þessar skráningar kallaðar *framkvæmdaskráningar* þar sem þær koma til vegna áætlaðra framkvæmda. Þær skráningar sem ekki eru gerðar með þessum formerkjum má kalla *rannsóknarskráningar*. Það eru þær skráningar sem gerðar eru af öðrum ástæðum, s.s. vegna áhuga heimamanna, háskólaverkefna/lokaverkefna og sérstakra fræðilegra rannsóknarmarkmiða, oft fyrir styrki sem fást til fyrirfram skilgreindra verkefna.

Ferli fornleifaskráninga<sup>4</sup> er gjarnan þannig að fyrst eru ritaðar heimildir, s.s. örnefnaskrár, jarðabækur og héraðslýsingar, skoðaðar og fornleifar, sem nefndar eru í þeim, skráðar niður. Síðan er farið á vettvang og rætt við heimildamenn, oft núverandi eða fyrrverandi ábúendur eða aðra aðila sem þekkja staðinn. Með þeim er farið yfir

---

<sup>4</sup> Hér er farið eftir reynslu höfundar og almennri þekkingu hans á fornleifaskráningu.



þær fornleifar sem fundust í rituðu heimildunum og geta heimildamenn þá bætt við þær upplýsingar sem skrásetjarinn hefur, bæði með því að benda á nýjar fornleifar sem og láta í té vitneskju um fornleifar sem eru horfnar. Eftir samtalið er farið af stað og fornleifarnar „heimsóttar“, hver fyrir sig. Þær eru skráðar, teiknaðar, ljósmyndaðar, þeim lýst og gefinn GPS punktur og síðan eru þær „kvaddar“. Þegar komið er í hús eftir vettvangsvinnuna bíður fornleifafræðingsins eftirvinna við innslátt, hreinteikningar og kortagerð. Að lokum er gerð skýrsla með helstu niðurstöðum þar sem yfirleitt eru teknar saman tölfræðilegar staðreyndir yfir t.d. fjölda fornleifa innan ákveðinna minjaflokka (þótt auðvitað séu til undantekningar á því þar sem meiri upplýsingar koma fram), fornleifaskrá birt, auk korta og mynda. Síðan eru gögnin geymd inni í gagnabanka þess aðila sem gerði skráninguna.

Innihald fornleifaskráanna, sem verða til við skráningu, er yfirleitt svipað en þó er stundum nokkur munur, jafnvel mikill, á þeim upplýsingum sem fram koma á milli skrásetjara.<sup>5</sup> Nær undantekningalaust er sögu viðkomandi jarðar gerð skil. Einnig er staðsetning gefin upp í GPS hnitum og oft eru textaleiðbeiningar um staðsetningu fornleifanna undir þeim hluta skráningarinnar sem nefnist leiðarvísir eða staðhættir. Yfirleitt eru hlutverk og tegund fornleifanna tilgreind sem og ástand þeirra. Oft er gert hættumat ef það á við og sumir áætla gróflega aldur fornleifanna. Í öllum skráningum er minjalýsing þar sem fornleifunum er lýst og fram kemur m.a. stærð (utanmál og/eða innanmál), hæð (og þykkt) veggja, hvernig þær snúa og í hvaða átt op er ef við á. Þó kemur það fyrir að mikilvægar upplýsingar sem þessar vanti án þess að ástæða sé tilgreind. Auk upplýsinga í texta eru jafnan teikningar og ljósmyndir birtar og oft lagt mikið upp úr kortum og loftmyndum.

Það sem helst skín í gegn við lestur fornleifaskráningarskýrslna er stöðlun upplýsinga, takmarkaðar lýsingar á landslagi og litlar sem engar athugasemdir skrásetjara um upplifun fornleifa. Erfitt er því fyrir lesandann að gera sér í hugarlund það menningarlandslag sem minjarnar tilheyra. Þó er aftast í skýrslum Fornleifaverndar ríkisins tafla þar sem fornleifum er gefinn + eða 0 fyrir m.a. upplifun

---

<sup>5</sup> Fyrir þennan hluta var flett í gegnum allar skýrslur sem koma fram í skýrsluhlutanum í heimildaskránni aftast í ritgerðinni og skoðað hvaða upplýsingar komu fram í þeim. Þó ber að taka það fram að skýrslurnar voru ekki lesnar spjaldanna á milli. Þær voru valdar með því að taka nokkurn veginn handahófskennt sýnishorn af skýrslum frá þeim skrásetjurum og fyrirtækjum eða stofnunum sem virkust eru í fornleifaskráningu.

en ástæða einkunnagjafarinnar er aldrei nefnd í textanum (sjá Inga Sóley Kristjónudóttir, 2008; Agnes Stefánsdóttir, 2008). Sem dæmi um persónulegar athugasemdir sem höfundur hefur rekist á í skýrslum er m.a. setningarhlutinn: „Um áhugaverðar minjar er að ræða ...“ (sjá Bryndís Zoëga og Guðný Zoëga, 2007: 40) og nokkur tilvik í *Fornleifaskrá Reykjanesbæjar* þar sem fornleifar eru kallaðar *fallegar* (sjá Sandra Sif Einarisdóttir og Bjarni F. Einarsson, 2008: m.a. 14, 20, fornl. nr. 104.1 og 123).

### 3.2 Fyrirbærafræðilegir möguleikar

Hér að framan hafa fyrirbærafræðilegar aðferðir nokkurra fornleifafræðinga verið útlistaðar. Flestar þeirra væri erfitt og jafnvel ómögulegt að taka óbreyttar upp í fornleifaskráningu eins og hún er tíðkuð á Íslandi í dag. Nálgun sem þessi tekur nefnilega tíma og hann er oft af skornum skammti þegar fornleifaskráningar eru gerðar. Helstu áhrifaþættir því tengdir eru umhverfis- eða veðurfarslegir og jafnvel fjárhagslegir. Það er nefnilega svo að fornleifaskráningar eru yfirleitt gerðar í útseldri vinnu eða fyrir misháa styrki. Því þurfa aðferðir í fornleifaskráningu að hafa aðlögunarhæfni, vera þægilegar og taka eins lítinn tíma og mögulegt er.

Fyrirbærafræði, eins og henni hefur verið lýst hér að framan, er ákaflega tímafrek og kallar á að þeir sem nýta sér hana þekki innviði hennar og grunn vel. Hvorugt þessara atriða koma sér vel ef nýta á fyrirbærafræðina í fornleifaskráningu en ákveðin atriði úr henni gætu þó nýst, einkum úr mildri fyrirbærafræði.

Nokkur atriði sem nú þegar koma fram í fornleifaskrárum væri hægt að segja að séu beiting á mildri fyrirbærafræði en þau eru þó ekki mjög algeng. Dæmi um það er þegar sagt er að hús B sé *á bak við* hús A eða að hverju dyr opnast. Sem dæmi um það má nefna fornleifaskráningu víkingaaldarskála í Höfnum á Reykjanesi (fornleifar nr. 2.1) þar sem segir: „Líklegast hafa verið dyr á N-hlið, jafnvel tvær [sic.]. Snúa að sjó“ (Sandra Sif Einarisdóttir og Bjarni F. Einarsson, 2008: [án blaðsíðutals]). En eins og sagði hér að framan eru athugasemdir eins og þessar ekki algengar í fornleifaskrárum.

Innlegg mildrar fyrirbærafræði í fornleifaskráningu gæti meðal annars falist í nokkrum tillögum sem ræddar verða hér á eftir. Tillögurnar hafa það að leiðarljósi að auka við upplýsingarnar sem finnast í fornleifaskrárum og miða skráninguna við skráningu menningarlandslags. Einnig eru þær miðaðar við að vera frekar einfaldar í framkvæmd þannig að ekki bætist mikill tími við fornleifaskráningarnar þótt þær séu

notaðar. Með einföldum atriðum sem þessum þurfa skrásetjarar ekki að kynna sér heimspekilegan grunn fyrirbærafræðinnar til að geta notfært sér þau þótt það væri auðvitað æskilegt.

Eftirfarandi atriði gætu gagnast við fornleifaskráningu þar sem mildri fyrirbærafræði væri beitt með skráningu menningarlandslags að markmiði<sup>6</sup>:

1) – **Lýsa stórumhverfinu.** Þar sem t.d. er sagt frá sögu býlisins er hægt að bæta við lýsingu á umhverfi þess og landinu sem því tilheyrir. Sem dæmi um þess konar lýsingu er hér landareign Hálshúsa (ÍS-209) lýst gróflega.

*Hálshúsum tilheyrir lítið land, frímerki innan um aðrar jarðir á svæðinu. Landið liggur á milli Þúfna (ÍS-209) og Sveinhúsa (ÍS-206) og nær frá Þúfnaá í norðvestri til vatnaskila á Reykjafjarðarhálsi í suðaustri. Hálshúsalandið er fábreytilegt: hálshlíðin að baki bænum og upp af honum, en blautar og drungalegar mýrar og holt framan við bæ. Mýrarnar voru þó góðar til mótekju, en reynt hefur verið að ræsa þær fram með stórum skurðum. Ríkjandi litir eru gras- og mosagrænn, sinubrúnn og steingrár í flekkjum. Bæjarstæðið kúrir neðst í hálshlíðinni á háum, fagurgrænum hól. Frá bæjarhúsunum sést til Miðhúsa (ÍS-207) hinum megin í dalnum, lágur og flatur dalurinn á milli. Vatnsfjarðarbærinn sést kíkja framundan ás sem liggur á milli Sveinhúsa og Hálshúsa. Vegna þessa áss sjást Sveinhús ekki, en þau liggja hægra megin við Hálshús sé staðið við bæ og horft út að Miðhúsum beint á móti. Til vinstri eru Þúfur.*

Inn í lýsingu sem þessa mætti einnig bæta við hvaða jurtir (og þá liti) skrásetjari rakst á í landareigninni, hvaða dýr hann sá, heyrði í eða jafnvel fann lyktina af, vatnsniði, flugnasuði og þar fram eftir götunum.

2) – **Lýsa bæjarstæðunum sjálfum.** Hér er átt við að lýsa túninu og bæjarstæðinu sem heild. Í þeirri lýsingu mætti taka fram hvernig túnið liggur, hvar bærinn er staðsettur á því og hvernig fornleifar eru staðsettar í túninu, hvort þær eru dreifðar eða hvort þær mynda þyrpingar. Einnig er hægt að koma upplifun af staðnum í orð í þessum hluta. Sem dæmi um þetta mætti fjalla um bæjarstæði Sveinhúsa í

---

<sup>6</sup> Öll dæmi, sem tekin verða til að útskýra aðferðirnar, eru unnin upp úr fornleifaskráningu í Vatnsfirði og Vatnsfjarðardal í Reykjafjarðarhreppi, Ísafjarðarsýslu, sem höfundur vann á vegum Fornleifastofnunar Íslands í ágúst 2010. Dæmin eru þá unnin upp úr fornleifaskránni, dagbókarfærslum höfundar frá skráningartímanum og minni. Fornleifaskrána er að finna í gagnagrunni Fornleifastofnunar Íslands, *Ísleif*, undir jarðanúmerunum ÍS-204-208.

Vatnsfjarðardal (ÍS-206). Afstaða er miðuð út frá því að staðið sé framan við bæ með bakið í bæjardyrnar.

*Bæjarstæði Sveinhúsa er líkt og afgirt á tvo vegu. Bakatil við bæjarstæðið og vinstra megin við það er hár klettahjalli sem girðir túnstæðið af (suðaustur, suður og suðvestur). Hann liggur einnig út frá bæjarstæðinu til hægri og lækkar ekki fyrr en í þó nokkurri fjarlægð frá því. Framan við bæ er útsýnið á hinn bóginn mjög vítt og saman virkar þetta eins og bæjarstæðið sé varið; enginn komist að því óséður. Bærinn sjálfur kúrir innarlega í klettakrikanum sem girðir af túnið. Bæjarhúsin hópast að mestu saman hægra megin á túninu (í suðvesturhluta þess) en þó eru örfá sem dreifast annars staðar á túnið. Þó eru engin hús í nyrsta enda þess. Túnið er orðið mjög gróið og eru þar jafnvel kindur á beit sem náð hafa að troða sér í gegnum víggirðingar túngarðsins. Túnið er fagurgrænt og fallegt en klettahjallinn og hálsinn fyrir ofan, gráir og drungalegir, hanga yfir því líkt og ófreskja.*

3) – **Skrifa lýsingar á sjóndeildarhring og teikna hringsýn** (sjá umfjöllun um þessa aðferð í kaflanum um Hamilton hér að framan). Með því að skrifa lýsingar á sjóndeildarhring og jafnvel teikna hringsýn frá bæjarstæðum, og fleiri stöðum ef vill, er hægt að leyfa lesandanum að gera sér grein fyrir sjónsviði umhverfisins. Í lýsingunni er m.a. hægt að taka fram hvernig umhverfi staðarins er og hvaða áhrif það hefur á skynjun þess sem horfir, hvort sjónsviðið er vítt eða þröngt og hvaða náttúruyfyrirbæri eru ríkjandi í umhverfinu, s.s. fjöll tré, vötn eða sléttur.

4) – **Skrifa lýsingar á sjóndeildarhring fyrir aðra staði en bæjarstæði.** Fyrir aðra staði en bæjarstæði er einnig hægt að skrifa lýsingar á umhverfinu. Í þeim lýsingum er hægt að taka fram hvað er ríkjandi í sjónsviðinu, hvort sést til annarra fornleifa og ef svo er, hvort þær tengist þá mögulega. Auk þess er gott að geta þess hvort umhverfið er gróið, blásið, blautt, þurrt, hátt, lágt eða hvað sem er þar á milli.

5) – **Taka víðar myndir.** Ekki taka einungis nærmyndir af fornleifunum heldur reyna að taka einnig víðari myndir til þess að setja fornleifarnar í samhengi við umhverfið. Þetta atriði er sérstaklega mikilvægt þegar um er að ræða minjar sem gerðar eru til þess að sjást úr fjarlægð í samhengi við umhverfið, s.s. eyktamörk og mið.

6) – **Sést til bæjar eða ekki?** Að setja inn litla klausu um það hvort sést til bæjar eða ekki frá ákveðnum fornleifum eða stöðum er mikilvægt. Einnig ef verið er

að ganga leiðir er gott að skrifa hjá sér athugasemd um það hvenær hættir að sjást til bæjar eða hvenær byrjar að sjást til hans, eftir því hvort gengið er til eða frá bæ.

7) – **Hvernig er að ganga leiðir?** Þetta atriði er að hluta til sambærilegt tilraun þrjú í Hamilton kaflanum hér að framan, fyrirbærafræðilegri grenndargreiningu, en er einnig í anda Tilleys. Þegar leiðir eru gengnar er mikilvægt að taka fram *hvernig* er að ganga þær. Þá er gott að taka fram hvort gengið er upp eða niður í móti, hvort leiðin er mjúk eða hörð undir fót og hvort hún er erfið yfirferðar eða létt. „Beinin“ í landslaginu halda sér í tímans rás og því eru ákveðnir þættir leiðarinnar eins og þeir voru þegar hún var í notkun í fortíðinni. Einnig er mikilvægt að taka fram hvernig leiðinni er fylgt, þ.e. hvort gengið er eftir vörðum, greinilegri leið, kindagötu eða bara eftir tilfinningu. Atriði eins og það hvaða vörðu viðkomandi velur ef margar eru í sjónmáli og þá af hverju og eftir hverju viðkomandi fer ef leiðin er mjög ógreinileg er líka mikilvægt að taka fram. Það sýnir hvernig ákvarðanir voru teknar og hvað skipti máli við þá ákvarðanatöku. Sérstaklega mikilvægt er að hafa þetta atriði í huga ef verið er að skrá leið sem á að hverfa að einhverju eða öllu leyti vegna framkvæmda. Þá er skrásetjari að öllum líkindum sú manneskja sem gengur leiðina í síðasta sinn. Að breyta þurrum leiðarlýsingum í frásögn af *upplifun ferðar* er markmið þessa atriðis. Að ganga leið er alltaf ferð í gegnum landslagið.

8) – **Hvernig er aðgengi að fornleifunum?** Þessari spurningu er ekki erfitt að svara; viðkomandi einfaldlega lýsir því hvernig var að komast að fornleifunum. Mögulega var það beinn og breiður vegur (jafnvel í orðsins fyllstu merkingu). Kannski þurfti að ganga í gegnum líkamlegar þrautir eins og að vaða ár eða klífa fjöll til að komast að þeim (sjá umfjöllun um Tilley hér að framan). Hvað segir aðgengið okkur? Það getur haft eitthvað með hlutverk fornleifanna að gera, s.s. að landamerkjavörður eru oft hæst uppi á hálsunum, og mögulega stjórnun á því hverjir komust að þeim, t.d. fornleifar úti í eyjum; til að komast að þeim þurfti bát. Hér skiptir mestu máli líkamleg þátttaka og upplifun viðkomandi skrásetjara (sbr. Tilley og Merleau-Ponty, sjá hér að framan).

9) – **Afstaða á milli fornleifa.** Það getur gefið mikið að nota meira afstöðu á milli fornleifa en gert hefur verið, þ.e. að nota hugtök eins og *á bakvið, fyrir framan, til hliðar við, ofar, neðar* o.s.frv. Þau eru þrungið merkingu sem allir þekkja og eru ákvörðuð út frá líkama þess sem upplifir:

„Upplifun manneskjunnar af landslagi er óhjákvæmilega byggð upp í tengslum við grunntvenndir sem tengdar eru líkamanum: hluti sem eru fyrir framan eða aftan viðkomandi persónu, þá sem eru fyrir ofan eða neðan, til vinstri eða hægri við líkamann, nálægt eða langt í burtu. Þessar tvenndir eru í beinu sambandi við grunnsamhverfur líkamans. Það er þess vegna nauðsynlegt að lýsa og ræða um eiginleika upplifana með þessum hugtökum“ (Tilley, 2008b: 273).

Þetta atriði er hægt að hafa í huga t.d. þegar þyrpingar fornleifa eða bæjarstæði eru skráð. Þá mætti, í lýsingum á bæjarstæðum, greina frá því hvernig bæjarstæðið blasir við þegar komið er upp heimreiðina ef hún er þekkt. Hægt er að taka fram hvaða hús sjást ekki frá heimreiðinni, hvort einhver hús eru á bak við önnur hús og því ekki sjáanleg, hvernig bærinn er staðsettur í túni o.fl.

10) – **Hvert snúa dyr og hvað sést út um þær?** Svárið við þessari spurningu er í flestum tilfellum mjög einfalt en gefur á sama tíma miklar upplýsingar. Dyr á húsum snúa ekki bara eitthvert, það er ástæða fyrir staðsetningu þeirra. Ástæðurnar geta verið af mörgum toga: veðurfarslegar, hjátrúarlegar, trúarlegar, hagnýtar, vegna duttlunga og svo mætti lengi telja þótt aldrei verði hægt að komast að því hvað nákvæmlega lá þar að baki. Til dæmis gæti það skipt máli hvort dyrnar snúa að sjó, upp í fjall eða að einhverju öðru í umhverfinu. Hér eru aðalspurningarnar því: að hverju snúa dyrnar og hvaða ástæða gæti mögulega legið þar að baki?

11) – **Skoða samspil fornleifa og staðsetninga.** Þetta atriði er tengt grunnsurningu Tilley í *A phenomenology of landscape* (1994) hér að framan. Af hverju eru fornleifarnar þar sem þær eru og er hægt að draga einhverja ályktun um hlutverk, ef það er ekki þekkt fyrir, af staðsetningu þeirra? Þetta atriði er mikilvægt en getur verið flókið og þarfnast þjálfunar. Á Íslandi er oft vitað hvert hlutverk fornleifa var og þá mögulega af hverju þær eru þar sem þær eru. Það er þó ekki alltaf raunin. Með þjálfun og uppbyggingu þekkingar, sem geymist í minninu og tengir saman staði, sbr. umfjöllun um Tilley og minni hér að framan, er hægt að reyna að ráða í hlutverk fornleifa út frá staðsetningu þeirra. Fornleifafræðingar með mikla reynslu geta oft gert sér í hugarlund hvers kyns fornleifar þeir muni finna í ákveðnum gerðum landslags og þannig mögulega hengt hlutverk á óþekktar fornleifar. Þetta atriði er nú þegar hluti af fornleifaskráningu en hægt væri að gera meira úr því, færa frekari lýsingar inn í texta og reyna einnig í framhaldinu að skoða samspil fólks og fornleifa og fornleifa og býlisins, svo eitthvað sé nefnt.

12) – **Nota fornleifarnar.** Hér er átt við að ganga um tóftir eins og um hús væri að ræða, s.s. inn um dyr en ekki yfir vegg, nota vörður við ferðir í gegnum

landslagið og kasta steinum í dysjar þar sem þjóðsögurnar segja til um að það eigi að gera. Nota fornleifarnar í stað þess að rannsaka þær bara<sup>7</sup> og umgangast þær eins og lifandi part af landslaginu í stað þess að líta á þær einungis sem dauða hluti.

13) – **Byggingarefni; sýnilegar og ósýnilegar fornleifar.** Gott er að hafa það í huga að náttúran gerir fornleifarnar sýnilegar, m.a. með því að útvega byggingarefnið í þær, en hún getur að sama skapi gert þær ósýnilegar (sjá t.d. Tilley, 1994: 96). Þegar hús úr torfi og grjóti stóðu uppi féllu þau inn í umhverfið og urðu partur af því. Þegar þau falla eru þau enn þá partur af náttúrunni og hverfa jafnvel í hana. Þetta atriði er gott að hafa í huga en einnig að þetta getur líka átt við annars konar fornleifar. Dæmi um það er Grettisvarða (ÍS-205:012) sem stendur á hjalla ofan við Vatnsfjörð. Varðan er grjóthlaðin, um 2,5 m í þvermál og um 3 m há og hefur þann eiginleika að hún sést ekki nema frá Vatnsfjarðarbænum, þ.e. bæjarstæðinu sjálfu. Sé farið lengra í burtu fellur hún inn í hjallann fyrir ofan og hverfur.

14) – **Ganga.** Síðast en ekki síst skal nefna hér göngu og mikilvægi þess að ganga eins mikið og hægt er. Að ganga á milli fornleifa, ganga leiðir, læra á landslagið og fá tilfinningu fyrir því skiptir höfuðmáli. Að nota líkamann og láta hann leiða sig áfram í skráningunni, leyfa öllum skynfærunum að vera virkum og njóta sín.

Auk þessara atriða ætti yfir höfuð að leggja meiri áherslu á skynfærin fimm: sjón, heyrn, lykt, snertiskyn og bragð. Að bæta upplýsingum um t.d. dýrahljóð eða sjávarangan við lýsingar, þegar það á við, er því óvitlaust. Einnig ætti að gefa litum meiri gaum, auk þess að gera meira út á veður, birtu og tíma dags og taka fram hvaða áhrif þau atriði hafa á skynjun staðarins og tilfinningu viðkomandi fyrir honum. Til dæmis getur skrásetjari átt það til að finna fleiri óþekktar fornleifar á degi þegar gott er veður en þegar rok er og rigning. Hver ætli sé ástæðan fyrir því? Svæðið eða veðrið, og þá jafnvel skapið? Einnig er mikilvægt að skrásetjarar séu ekki hræddir við að koma með persónulegar athugasemdir um það sem þeir upplifa eða vilja koma á framfæri. Þess háttar athugasemdir þurfa auðvitað að vera innan skynsamlegra marka en skrásetjarar eiga að geta sagt sér það sjálfir hvar línan liggur og á því ekki að þurfa að setja saman handbók um það hvað er innan marka og hvað ekki.

---

<sup>7</sup> Hér er verið að vísa til þekkrar lýsingar Heideggers á hamrinum, því að almennileg tenging við hann og vitneskja um hann kemur ekki fram fyrr en hann er notaður sem verkfæri (Heidegger, 1962: 98).

Fornleifar tengjast ekki einungis sín á milli heldur þarf að huga að öðrum þáttum, og þá sérstaklega hreyfingu á milli fornleifanna. Allar fornleifar voru reistar í fortíðinni og hafa á einhverjum tímapunkti verið „heimsóttar“, ef svo má að orði komast. Því þarf að huga að ferðum fólks í fortíð (og nútíð) að fornleifunum. Einnig þarf að huga að sögum, örnefnum, minningum og ýmsu öðru. Ávallt skal því hafa það efst í huga að fornleifar standa aldrei einar heldur eru þær partur af fjölbreytilegu menningarlandslagi sem allt er hluti af fortíð okkar.

Tillögurnar hér að framan eru engan veginn tæmandi heldur gefa einungis dæmi um það hvað er hægt að gera með einföldum hætti til þess að auka og bæta innihald fornleifaskráa í áttina að skráningu menningarlandslags og um leið reyna að koma fornleifaskráningu í samband við kennilega orðræðu. Atriðin eru lík í mörgu en jafnframt ólík og eiga sum þeirra við allar fornleifar en önnur einungis við ákveðna minjaflokka. Mörg þeirra eru tengd sjón og ætti það ekki að vekja furðu þar sem fólk í vestrænum samfélögum er alið upp við það að af skynfærunum fimm veiti sjón mestar upplýsingar. Hins vegar ættu mörg þessara atriða að geta vakið skrásetjara til umhugsunar um hin skynfærin fjögur, sem yfirleitt fá ekki að koma við sögu í fornleifaskráningu og vonandi fengið þá til að notfæra sér það sem þau hafa upp á að bjóða.

Þáttur í tillögunum hér að framan er, auk annars, að reyna að draga úr þeirri hugsun að þeir sem lesa fornleifaskráningarskýrslurnar hafi aldrei komið á staðinn og reyna þess í stað að gera þeim kleift að ímynda sér staðinn, fara þangað í ferðalag í huganum. Til þess þarf að nota aðferðir og innlima atriði sem gera fólki kleift að finna sér stað í landslaginu með skrásetjara og gera þannig landslagið og fornleifarnar meira lifandi fyrir lesandanum. Þetta er einungist hægt að gera með því að skrá og lýsa menningarlandslaginu.

#### **4. Umræður**

Rauði þráðurinn sem birtist í kaflanum hér að framan er áhersla á að skrá menningarlandslagið meira en gert hefur verið. Hætta þarf að slíta fornleifarnar úr samhengi. Hægt er að nota fyrirbærafræði sem þráð inn í þessa nýju nálgun í fornleifaskráningu: að skrá menningarlandslag í þeim skilningi að það sé það landslag, það umhverfi sem maðurinn lifir og hrærist í hvort sem um er að ræða manngerða eða ómanngerða þætti. Rökin fyrir því að breyta áherslum í skráningu á



Þennan hátt eru þau að fólk í nútímanum getur ekki vitað hvort tóftin vestast í túninu hafði meiri þýðingu fyrir fólkið í fortíðinni en hóllinn austast í því. Þess vegna þarf að setja fornleifarnar í stærra samhengi. Það þarf að auka lýsingar á landslagi og upplifunum, reyna að ná fram samhengi og samspili náttúru, manna og dýra. Við erum öll í heiminum og erum hluti hvert af öðru; ekkert er öðru algerlega óviðkomandi. Fornleifarnar eru komnar til vegna samspils manns og náttúru. Steinarnir og torfið mynduðu húsin með hjálp mannsins hér fyrir á öldum. Dýrin og náttúran hafa líka mikið með það að gera hvernig fornleifarnar líta út í dag og maðurinn er ábyrgur fyrir því að fornleifarnar eru í náttúrunni yfir höfuð. Það þarf því að brjóta á bak aftur tvíhyggjuna, maður:náttúra, og tvinna þetta tvennt saman því það er ekki aðskilið. Auk þessa þurfa fornleifafræðingar að gera sér grein fyrir því að fornleifarnar eru aldrei staðnaðar í landslaginu heldur taka þær sífelldum breytingum. Fornleifar og landslag eru virk heild og því þarf að vinna með þær og kynna þær sem slíkar.



Mynd 2: Menningarlandslag. Selvík á Vatnsfjarðarnesi vestanverðu.

Með beitingu fyrirbærafræði við fornleifaskráningu sem skráningu menningarlandslags bætast við nýjar upplýsingar sem innihalda ekki bara stærð, hæð og aðrar tölur heldur einnig lýsingar á afstöðu, staðsetningu, upplifun, samhengi við aðrar fornleifar; skynjun mannsins í dag sem getur gefið einhverja innsýn inn í

skynjun mannsins í fortíðinni. Fornleifaskrár, sem innihalda einungis staðreyndir og upplýsingar í anda nauðhyggju, eru mjög takmarkaðar og óaðgengilegar.

Fornleifafræði er hugvísindagrein og á því ekki að þurfa að skammast sín fyrir að rífa sig úr greipum vísindahyggjunnar til að auka yndi fólks af fornleifaskráningum og afrakstri þeirra. Auk þess er það skylda hennar sem fræðigreinar að uppfræða almenning um viðfangsefni sitt og reyna að vekja áhuga á því.

Mögulega þarf einnig að draga úr notkun á kortum og loftmyndum en oft er mikil áhersla lögð á þann þátt í fornleifaskráningarskýrslum. Kort og loftmyndir gefa í raun „ranga“ mynd af landslaginu og því sem í því er. Enginn maður í fortíðinni þekkti nokkurn tíma landslagið sitt eins og það er á kortum og loftmyndum. Þetta kemur skýrt fram þegar talað er við heimildamenn í fornleifaskráningu og þeim sýndar loftmyndir. Oft þekkja þeir ekki jörðina sína, eru lengi að átta sig á staðhátum og gera það jafnvel aldrei á meðan á viðtalinu stendur. Hins vegar er yfirleitt ekkert mál fyrir þá að sýna nákvæmlega hvar fornleifar eru staðsettar ef hægt er að benda út um gluggann, þeim eru sýndar ljósmyndir eða staðnum lýst, t.d. út frá örnefnaskrá. Manneskjan skynjar landslagið út frá sjálfri sér þegar hún er staðsett í því: „... upplifun staðar er alltaf þrívíð og líkamleg en það er atriði sem gleymist alltof oft í hefðbundnum fornleifafræðilegum lýsingum á landslagi“ (Brück, 2005: 47).

## 5. Niðurstöður

Í þessari ritgerð hefur verið fjallað um fyrirbærafræði og fornleifafræði og möguleg tengsl þeirra í gegnum skráningu menningarlandslags. Fyrst var heimspekilegum grunni fyrirbærafræðinnar gerð skil og lögð var áhersla á heimspekingana og fyrirbærafræðingana Martin Heidegger og Maurice Merleau-Ponty. Síðan var fjallað um fyrirbærafræði innan fornleifafræði og sagt frá fornleifafræðingunum Christopher Tilley og Julian Thomas og verkum þeirra, auk þess sem farið var yfir rannsókn Sue Hamilton *et.al.* á nýsteinaldarminjum á Ítalíu. Nefndir voru þeir fáu íslensku fornleifafræðingar sem nýtt hafa fyrirbærafræði í rannsóknum sínum og aðferðafræði fornleifaskráningar og innihald fornleifaskráa á Íslandi loks útlistuð. Síðast en ekki síst voru sett fram dæmi um það hvernig hægt væri að beita fyrirbærafræði í fornleifaskráningu og þar með breyta áherslum hennar í átt að því að skrá menningarlandslag í stað einungis „stakra“ minja. Í dæmunum var fyrirbærafræðin löguð að fornleifaskráningunni í anda mildrar fyrirbærafræði og það haft að leiðarljósi

að benda á einfaldar leiðir til þess að leiða fornleifaskráninguna í átt að skráningu menningarlandslags.

Meginatriðið er að fyrirbærafræðin sé notuð sem eins konar stuðningsgrind til þess að leiða fornleifaskráningu inn í kennilega orðræðu og um leið auka þær upplýsingar sem koma fram í fornleifaskráum og gera þær aðgengilegri. Fyrirbærafræðileg nálgun og skráning á menningarlandslagi myndi gefa fornleifaskráningum nýtt og aukið vægi og gera fræðimönnum kleift að nýta gögnin til frekari túlkana og til þess að skrifa heildstæðari frásagnir af fornleifum, umhverfi og upplifun sem hentað gætu bæði fræðimönnum og almenningi. Fornleifaskrár þurfa ekki að vera staðlaðar niður í minnstu einingu og reyrdar niður í fyrirfram skilgreindan kassa þó að vissulega séu ákveðin atriði sem nauðynlegt er að komi ávallt fram. Með innleiðingu mildrar fyrirbærafræði í fornleifaskráningu er hægt að nálgast og skrá menningarlandslagið sem bæði mótast og mótast í samspili manna, dýra og náttúru.

## 6. Eftirmáli höfundar

Fyrst af öllu vil ég færa eftirtöldum aðilum sérstakar þakkir fyrir hjálpina og þolinmæðina á meðan þessi ritgerð var í fæðingu og ritun: Oscari Aldred fyrir hjálp við að finna heimildir, útskýra atriði sem þörfnuðust útskýringar og vera alltaf tilbúinn til þess að aðstoða eða spjalla um hlutina ef þess þurfti; leiðbeinandanum mínum, Steinunni Kristjánsdóttur, fyrir gott aðhald og að treysta mér fyrir því að takast þetta verkefni á hendur; mömmu, Sigurlínu Sigurbjörnsdóttur, fyrir yfirlestur og góð ráð; Sindra Ellertssyni Csillag fyrir óþrjótandi þolinmæði, yfirlestur og gagnrýnar athugasemdir og Þóri Jónssyni fyrir prófarkalestur í hæsta gæðaflokki.

Þegar hugmyndin um efni þessarar ritgerðar fæddist hafði ég í raun enga hugmynd um hvað ég var að fara út í. Það eina sem ég vissi var að fyrirbærafræði var spennandi og að mig langaði að reyna að tengja hana við fornleifaskráningu. Ég hafði lengi framan af enga trú á því að það gæti gengið, þ.e.a.s. hélt að niðurstaða ritgerðarinnar yrði sú að ekki væri hægt að tvinna þetta tvennt saman. En annað kom svo á daginn. Frá upphafi fylgdi ritgerðinni mikill lestur, bæði á heimspekitektum og fornleifafræðitektum, og skyndilega áttaði ég mig á því að ég var farin að skilja fyrirbærafræðina að einhverju leyti. Með tímanum jókst svo þessi skilningur og á meðan á skrifunum stóð opnuðust reglulega nýjar víddir í efninu og þær tóku oft fram fyrir hendurnar á mér. Síðustu straumhvörfin urðu rétt fyrir jól þegar hugtakið *menningarlandslag* braust skyndilega upp á yfirborðið og rauði þráðurinn í ritgerðinni var fundinn.

Það er því með sanni hægt að segja að þrátt fyrir von- og skilningsleysi á köflum (sérstaklega við lestur heimspekitektanna) hafi ég lært gríðarlega mikið á því að takast á við þetta efni. Takmark skrifa á ritgerðum sem þessum er að auka skilning, þekkingu og fræðilegan þroska höfundar og tel ég mig hafa náð því markmiði.

## 7. Heimildaskrá

- Aldred, O. 2010. Time for fluent landscapes. Í Karl Benediktsson og Katrín Anna Lund, ritstj. *Conversations with landscape*. Farnham: Ashgate. 5. kafli.
- Aldred, O. og Sekedat, B. 2010. Moving on to mobility: archaeological ambulations on the mobile world. Part 1: introduction and co-presence. *Archaeolog* [á netinu], 15. desember. Tiltæk á:  
[http://traumwerk.stanford.edu/archaeolog/2010/12/moving\\_on\\_to\\_mobility\\_archaeol.html](http://traumwerk.stanford.edu/archaeolog/2010/12/moving_on_to_mobility_archaeol.html) [sótt 03.01.2011].
- Ármann Guðmundsson. 2008-2009. Landshættir minnis: Öræfasveit, fyrirbærafraeðileg nálgun. *Skaftfellingur: Þættir úr Austur Skaftafellssýslu*, 20. árg, bls. 67-82.
- Björn Þorsteinsson. 2009. Vitund og viðfang: Ágrip af grunnhugtökum fyrirbærafraeðinnar. Í Steinar Örn Atlason og Þórdís Helgadóttir, ritstj. *Veit efnið af andanum? Sjö fyrirlestrar um meðvitundina*. Reykjavík: Heimspekistofnun Háskóla Íslands, bls. 145-170.
- Brück, J. 2005. Experiencing the past? The development of a phenomenological archaeology in British prehistory. *Archaeological Dialogues* 12 (1), bls. 45-72.
- Hamilton, S., Whitehouse, R., Brown, K., Combes, P., Herring, E. og Thomas, M. S. 2006. Phenomenology in practice: towards a methodology for a 'subjective' approach. *European Journal of Archaeology* 9, bls. 31-71.
- Heidegger, M. 1962. *Being and time*. Þýdd úr þýsku af Macquarrie, J. og Robinson, E. New York og Evanston: Harper & Row, Publishers.
- Jensen, O. W. 2000. Between body and artefacts. Merleau-Ponty and archaeology. Í Holtorf, C. og Karlsson, H., ritstj. *Philosophy and archaeological practice: perspectives for the 21st century*. Göteborg: Bricoleur Press, bls. 53-67.
- Karlsson, H. 1998. *Re-thinking archaeology*. Göteborg: Göteborgs University Department of Archaeology.
- Karlsson, H. 2000. Why is there material rather than nothing: Heideggerian thoughts and archaeology. Í Holtorf, C. og Karlsson, H., ritstj. *Philosophy and archaeological practice: perspectives for the 21st century*. Göteborg: Bricoleur Press, bls. 69-86.
- Kristján Mímisson. 2004. Landslag möguleikanna: Kall eftir faglausri hugsun í fornleifafræði. *Ritið 2/2004: Fornleifafræði*, bls. 29-50.
- Kristján Mímisson. 2009. *Þorkell á Búðarárbakka: Fornleifafræðileg persónurannsókn á 17. aldar kotbónda úr uppsveitum Árnessýslu*. Áfangaskýrsla ársins 2008. Reykjavík: Fornleifafræðistofan.
- Merleau-Ponty, M. 1970 [1962]. *Phenomenology of perception*. Þýdd úr frönsku af Smith, C. London: Routledge & Kegan Paul.

- Moran, D. 2000. *Introduction to phenomenology*. London og New York: Routledge.
- Steinunn Kristjánsdóttir. 2008. Skriðuklaustur í Fljótsdal: Landslag alþjóðlegrar menningar og trúar. *Ritið 2/2008: Hlýnun jarðar*, bls. 159-176.
- Thomas, J. 1996. *Time, culture and identity: an interpretive archaeology*. London og New York: Routledge.
- Thomas, J. 2000a. Archaeologies of place and landscape. Í Hodder, I. ritstj. *Archaeological theory today*. Cambridge: Polity Press, bls. 165-186.
- Thomas, J. 2000b. Comment. Athugasemd við: Karlsson, H. Why is there material rather than nothing: Heideggerian thoughts and archaeology. Í Holtorf, C. og Karlsson, H., ritstj. *Philosophy and archaeological practice: perspectives for the 21st century*. Göteborg: Bricoleur Press, bls. 69-86.
- Thomas, J. 2004. *Archaeology and modernity*. London: Routledge.
- Thomas, J. 2006. Phenomenology and material culture. Í Tilley, C. *et.al.*, ritstj. *Handbook of material culture*. London, Thousand Oaks og New Delhi: SAGE Publications, bls. 43-59.
- Tilley, C. 1994. *A phenomenology of landscape: places, paths and monuments*. Oxford og Providence USA: Berg.
- Tilley, C. 2004. *The materiality of stone: explorations in landscape phenomenology 1*. Oxford og New York: BERG.
- Tilley, C. 2005. Phenomenological archaeology. Í Renfrew, C. og Bahn, P., ritstj. *Archaeology: the key concepts*. Oxon og New York: Routledge, bls. 201-207.
- Tilley, C. 2008a. *Body and image: explorations in landscape phenomenology 2*. Walnut Creek: Left Coast Press inc.
- Tilley, C. 2008b. Phenomenological approaches to landscape archaeology. Í Bruno, D. og Thomas, J., ritstj. *Handbook of landscape archaeology*. Walnut Creek: Left Coast Press inc., bls. 271-276.
- Tilley, C. 2010. *Interpreting landscapes: geologies, topographies, identities*. *Explorations in landscape phenomenology 3*. Walnut Creek: Left Coast Press inc.
- Zahavi, D. 2008. *Fyrirbærafræði*. Þýdd úr dönsku af Birni Þorsteinssyni. Reykjavík: Heimspekistofnun, Háskólaútgáfan.
- Þóra Pétursdóttir. 2007. „*Deyr fé, deyja frændr*“: *re-animating mortuary remains from Viking Age Iceland*. Ritgerð til meistaraþrófs við háskólann í Tromsø, maí 2007.

### **Skýrslur:**

Agnes Stefánsdóttir. 2008. *Svartsengi – Eldvörp: Fornleifaskráning*. Reykjavík: Fornleifavernd ríkisins.

Bryndís Zoëga og Guðný Zoëga. 2007. *Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum framkvæmda við Norðfjarðarveg og Norðfjarðargöng*. Sauðárkrókur: Byggðasafn Skagfirðinga.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2009. *Fornleifaskráning á völdum jörðum í Borgarbyggð*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Guðlaug Vilbogadóttir og Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. 2007. *Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum vegna ferjuhafnar í Bakkafjöru*. Eyrarbakki: Byggðasafn Árnesinga.

Inga Sóley Kristjónudóttir. 2008. *Krafla – Námafjall: Fornleifaskráning*. Reykjavík: Fornleifavernd ríkisins.

Margrét Hallmundsdóttir og Paulsen, C. 2008. *Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðra ganga milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar: Unnið fyrir Vegagerðina*. Bolungarvík: Náttúrustofa Vestfjarða, fornleifadeild.

Sandra Sif Einarsdóttir og Bjarni F. Einarsson. 2008. *Fornleifaskrá Reykjanesbæjar*. Reykjavík: Fornleifafræðistofan.

### **Óútgefið efni:**

Aldred, O. (Í vinnslu). *Methods and mapwork. Í An archaeology of movement*. Doktorsritgerð við Háskóla Íslands. Kafi 3.

Frumvarp til laga um menningarminjar (Drög – í vinnslu). [Án dagsetningar]. Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010-2011 (34 bls.).

### **Myndaskrá:**

Mynd 1: bls. 16. Fengin úr: Hamilton *et.al.*, 2006, bls. 41.

Mynd 2: bls. 29. Ljósmynd höf. 13.08.2010.

